# SÝN

ÁRS- OG SJÁLFBÆRNISKÝRSLA | 2024

# EFNISYFIRLIT

## 1. HLUTI | ÁRIÐ 2023


06 ÁVARP STJÓRNARFORMANNS
10 ÁVARP FORSTJÓRA
14 STJÓRNARHÆTTIR
24 GENGI Á MARKAÐI
28 LYKILTÖLUR
45 TVÖFÖLD MIKILVÆGISGREINING
46 FLOKKUNARREGLUGERÐ
50 HAGSMUNAAÐILAR
52 VOTTANIR
54 BIRGJAMAT
56 ÁHÆTTUSTJÓRNUN


## 2. HLUTI | OKKAR SÝN


60 STEFNA
62 VIRÐISKEÐJA
64 FRAMSÆKNIR MIÐLAR
74 VEFMIÐLAR OG ÚTVARP
80 FJARSKIPTI FYRIR FRAMTÍÐINA
92 MIKILVÆGIR INNVIÐIR
96 ÞJÓNUSTUKANNANIR
98 BROT AF ÞVÍ BESTA


## 3. HLUTI | SJÁLFBÆRNI


126 SJÁLFBÆRNI
134 SAMFÉLAG
140 MANNAUÐUR OG MENNING
148 UMHVERFI

Ef skjalið er skoðað rafrænt er hægt að smella á kaflaheiti til að komast á viðeigandi kafla skýrslunnar með fljótlegum hætti.

## 4. HLUTI | ÁRSREIKNINGUR


182 REKSTUR
188 EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI


## 5. HLUTI | GRI TILVÍSUNARTAFLA


196 GRI TILVÍSUNARTAFLA



## 1. HLUTI

# ÁRIÐ 2023



Jón Skaftason
**Stjórnarformaður**

# ÁVARP STJÓRNAR-FORMANNS

# ÁR STÓRRA ÁFANGA Í KREFJANDI UMHVERFI

Árið 2023 var viðburðarríkt hjá Sýn. Félagið lauk stórum áföngum á borð við sölu á stofnnetinu til Ljósleiðarans og kaupunum á Já. Við náðum einnig mikilvægum áföngum í rekstri, s.s. bættum samningum við birgja í sjónvarpi og svo mætti áfram telja.

Í upphafi nýs árs kom nýr forstjóri til starfa og eru þess strax farin að sjást merki. Við bindum miklar vonir við Herdísi Dröfn Fjeldsted sem er reyndur stjórnandi sem hefur náð árangri alls staðar sem hún hefur komið. Velkomin Herdís.

## Agi nauðsynlegur í krefjandi rekstrarumhverfi

Ekki þarf að fjölyrða um þær áskoranir sem blasa við í fyrirtækjarekstri í dag. Mikill þrýstingur er á framlegð fyrirtækja í umhverfi launahækkana, verðbólgu og hárra vaxta. Á slíkum tímum er nauðsynlegt að rýna í hverja krónu. Ætla má að með því að einfalda reksturinn, lækka skuldir, skerpa skil milli rekstrareininga og létta yfirbyggingu getum við náð umtalsverðum árangri og búið til léttara og sveigjanlegra félag.

Sú vegferð er þegar hafin undir forystu okkar skelegga nýráðna forstjóra. Verkefnið er auðvitað krefjandi en gleymum því ekki að margir þættir eru okkur líka hagfelldir. Til að mynda sjáum við nú jákvæða þróun í ljósleiðaratengingum til heimila eftir nokkurra ára varnarbaráttu.

Sem endranær er verkefnið þó auðvitað margþætt. Nýta þarf hið jákvæða til að bæta reksturinn, og reyna eftir fremsta megni að draga úr áhrifum þess neikvæða.

## Síbreytilegur markaður

Sýn starfar á mörkuðum sem eru á sífelldri hreyfingu enda tækniþróun ör. Hver veit hvernig við munum neyta sjónvarpsefnis eftir áratug? Íslensk fyrirtæki hafa gert vel í að fylgja eftir nýjustu stefnum og straumum, enda Ísland með nettengdari þjóðum og mikil og kvik eftirspurn eftir því nýjasta og mest spennandi hverju sinni. Nauðsynlegt er að lagaumhverfi og eftirlitsaðilar taki mið af þessu.

Við sjáum miklar breytingar á alþjóðamörkuðum. Nýlega gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins það út að auðvelda ætti fjarskiptafélögum að sameinast eða vinna í sameiningu að uppbyggingu innviða. Þá ætti að skikka tæknirisana, Google, Meta, Netflix, Amazon o.fl., sem nýta netið í miklu magni, til að bera hlut í kostnaði við uppbyggingu fjarskiptainnviða. Við sjáum svo sömu þróun í Bretlandi þar sem Vodafone þar í landi og Three hafa tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu félaganna.

Með þessu er auðvitað verið að viðurkenna að aukin samlegð, kostnaðarhagræði og skynsamleg skipting á kostnaði við uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða skili sér að endingu í bættum kjörum til neytenda. Athyglisvert verður að fylgjast með framhaldinu, en ljóst er að mikil verðmæti fara til spillis þegar verið er að byggja upp tvöfalda innviði í örríki eins og Íslandi.
Hvað sjónvarpsmarkaðinn varðar eru breytingarnar jafnvel enn hraðari. Undið hefur verið ofan af stórum samrunum fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtækja sem voru í tísku fyrir nokkrum árum. AT&T og Warner hafa verið aðskilin. Gamalgrónu sjónvarpsfyrirtækin Warner, Paramount og Discovery ræða nú kosti og galla sameiningar.

Ísland er heldur ekki eyland þegar kemur að framboði á sjónvarpsefni. Keppinautar Stöðvar 2 eru ekki bara RÚV og Síminn, heldur þessir alþjóðlegu risar sem hér voru nefndir að ofan. Samkeppnisumhverfið er því nægjanlega krefjandi svo ekki sé minnst á okkar séríslensku samkeppnishindrun – Ríkisútvarpið – sem sogar til sín allt í senn fjármagn hins opinbera, starfsfólk frá keppinautum, afþreyingarefni og takmarkaðar auglýsingatekjur. Teikn eru nú á lofti um að aðgerðir séu í farvatninu gagnvart RÚV. Sporin hræða hins vegar í þeim efnum. Ekki hafa alltaf farið saman orð og efndir í málefnum RÚV.

Það skyldi því engan undra að í þessu umhverfi höfum við ákveðið að taka til skoðunar eignarhald okkar á tilteknum fjölmiðlum. Þá þróun sjáum við allt í kringum okkur. Miðað við alþjóðlegan tíðaranda megum við gera ráð fyrir að löggjafinn og eftirlitsaðilar séu á sama tíma að endurskoða hvernig þau skilgreina þá síkviku markaði sem við störfum á.

## Alvöru maður

Stjórn Sýnar vill nýta tækifærið og þakka Páli Ásgrímssyni sérstaklega fyrir að hafa tímabundið tekið að sér starf forstjóra Sýnar síðustu mánuði ársins 2023. Páll, sem snúið hefur aftur til starfa sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs, hefur starfað lengi hjá Sýn og er öllum hnútum kunnugur. Það var því mikill styrkur að geta leitað til Páls þegar þess var þörf.
Að lokum vil ég þakka starfsfólki, stjórn og hluthöfum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.



Herdís Dröfn Fjeldsted
**Forstjóri**

# ÁVARP FORSTJÓRA

## Með nýrri forystu fylgja breytingar og nýjar áherslur. Sterk liðsheild, skýr markmiðasetning og ábyrgur rekstur eru þættir sem skipta sköpum í árangursríkum rekstri. Ég horfi bjartsýnum augum fram á við þar sem félagið hefur að geyma öflugan mannauð sem býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu, sköpunargáfu og drifkrafti.

Samtakamáttur og skýr sýn er lykilatriði að árangri. Það er mikið keppikefli að byggja upp fyrirtækjamenningu þar sem stjórnendur og starfsfólk ganga í takt með áherslu á ábyrgan rekstur, sjálfbærni, framúrskarandi þjónustu og vellíðan starfsfólks.

Sýn er samfélagslega mikilvægt fyrirtæki sem starfar á markaði þar sem örar breytingar eiga sér stað. Skuldbinding okkar við ábyrgð er í forgrunni í nýrri stefnu félagsins. Félagið hefur unnið að stefnumörkun á sviði sjálfbærni til að varða veginn framundan. Á síðastliðnum tveimur árum hefur átt sér stað innleiðing á sjálfbærnistaðli sem mun styrkja við innviði félagsins í þá átt. Félagið hefur átt mikilvæg samtöl við lykil hagaðila þar sem greinargóð kortlagning á mikilvægisþáttum starfseminnar og virðiskeðju þess hefur verið gerð.

Það eru ýmsar áskoranir í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi, verðbólga og hátt vaxtastig er íþyngjandi og til viðbótar er aukin áhætta í tengslum við náttúruvá. Áhættumat félagsins er í stöðugri endurskoðun og uppfærslu, auk almennrar áhættu er einnig horft til sjálfbærniáhrifa.

Sýn framleiðir hágæða efni og býður upp á framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina sinna. Það er brýnt að stjórnvöld skapi heilbrigðan ramma um markaðinn. Einkarekin fyrirtæki eiga ekki að þurfa að keppa við Ríkisútvarpið um starfsfólk, afþreyingarefni og takmarkaðar auglýsingatekjur. Ríkisrekinn fjölmiðill með skylduáskrift þegna landsins er tímaskekkja. Stjórnvöld þurfa að standa við yfirlýsingar sínar um að jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla og erlendra streymisveitna. Ein leið er fær en það er að leggja skatt eða fjárfestingakvöð á erlendar streymisveitur í samræmi við heimildir í tilskipunum EES líkt og tíðkast víða í Evrópu, þar með talið á Norðurlöndum.

Á síðustu tveimur áratugum hefur Sýn byggt upp öfluga

fjarskiptainnviði sem ná til meginþorra landsmanna. Kerfi Sýnar eru vöktuð allan sólarhringinn til að tryggja öryggi og áreiðanleika þjónustu okkar. Við erum stöðugt að kanna ný tækifæri til að nýta tæknina til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar og samfélagið í heild.

Mikilvægur þáttur í stjórnarháttum félagsins felst í miðlun upplýsinga, bæði fjárhags- og sjálfbærniupplýsingum. Í ár gefur Sýn út annað árið í röð sameiginlega árs- og sjálfbærniskýrslu og eru efnistökin byggð á alþjóðlegum staðli GRI. Innleiðingunni er ætlað að styrkja enn frekar innviði til að efla sjálfbærni í starfseminni og tryggja að félagið sé að uppfylla breytingar á lögum sem eru framundan.







# STJÓRNAR-HÆTTIR

Meginmarkmið stjórnar og stjórnenda Sýnar hf. er að tileinka sér góða stjórnarhætti þar sem leiðarljósið er að styrkja innviði félagsins, efla tryggð og gegnsæi. Stjórnarhættir félagsins eru uppfærðir reglulega til að innleiða breytingar á lögum og til að takast á við breytingar og þróun hér á landi sem og erlendis. Megináherslan er að byggja upp góða og ábyrga fyrirtækjamenningu til hagsbóta fyrir alla hagaðila félagsins. Góðir stjórnarhættir eru forsenda fyrir traustum samskiptum stjórnar, stjórnenda, starfsfólks, hluthafa, viðskiptavina, eftirlitsaðila og annarra lykil haghafa Sýnar.

Stjórnarháttayfirlýsing Sýnar hf. byggir á lögum og reglum og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Stjórnarhátta-yfirlýsing er birt samhliða árs- og sjálfbærniskýrslu félagsins.

Félagið hefur innleitt stefnur og verklag til að stuðla að góðum stjórnarháttum. Siðferðis-sjónarmið eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur sett sér siðareglur og aðgerðir sem sporna eiga við spillingar- og mútumálum.

Sýn hf. er vottað fyrirmyndar-fyrirtæki í góðum stjórnar-háttum. Þá hefur fyrirtækið fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála, en félagið fékk árið 2023 staðfestingu á áfram-haldandi vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og á alþjóðlega staðlinum ISO27001:2013 á stjórnkerfi upplýsingaöryggismála.

# STJÓRN SÝNAR HF. 2023

Stjórn Sýnar hf. er kosin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn, kjörnir eru fimm aðalmenn og tveir varamenn. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Á aðalfundi 17. mars 2023 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins.

Við árslok 2023 var stjórn Sýnar hf. skipuð eftirfarandi aðilum:

- Jóni Skaftasyni, stjórnarformanni,
- Rannveigu Eir Einarsdóttur, varaformanni,
- Hákoni Stefánssyni,
- Páli Gíslasyni og
- Salóme Guðmundsdóttur.

Varamenn stjórnar eru þau Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir.

Meginhlutverk stjórnar Sýnar hf. er að marka félaginu stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð. Stjórn gætir þess einnig að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu.

**Frekari upplýsingar um stjórnarhætti Sýnar er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins.**



## Jón Skaftason

STJÓRNARFORMAÐUR

Jón Skaftason, stjórnarformaður félagsins, er fæddur árið 1983. Hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og sérhæfði sig í skyldum stjórnarmanna í hlutafélögum, sem hann skrifaði lokaritgerð um. Enn fremur er Jón LL.M í Corporate Law frá University College London. Hann hefur réttindi til málflutnings fyrir Héraðsdómi og hefur sinnt stundakennslu í félagarétti við Háskólann í Reykjavík og kennt þar um skyldur stjórnarmanna. Milli áranna 2020 og 2022 var Jón framkvæmdastjóri Strengs Holding ehf. Þar stýrði hann fjárfestingum Strengs í Skeljungi hf. og Kaldalóni hf. Á árunum 2012 til 2020 var Jón framkvæmdastjóri fjárfestinga 365 hf., lengst af með aðsetur í London og vann hann m.a. að sölu á fjölmiðla- og fjarskiptarekstri 365 miðla til Sýnar hf. (þá Fjarskipti). Jón starfaði sem lögmaður á skrifstofu Logos Legal Services í London á árunum 2007 til 2012. Jón er fyrrverandi stjórnarformaður Norr 11 Apps og 101 Copenhagen Apps (Danmörk), Kaldalóns (2021-2022), Sleep Solutions Ltd (Bretland) árin 2018-2021 og Murduck London Ltd (Bretland) árin 2012-2014. Jón var meðstjórnandi hjá Torgi ehf. – útgáfufélagi Fréttablaðsins

árin 2018-2019. Jón er stjórnarmaður í Gavia Invest ehf., eins stærsta hluthafa Sýnar hf., og Pordoi ehf., sem heldur utan um eignarhlut hans í Gavia. Félag tengt Jóni, Gavia Invest ehf., fer með samtals 42.147.128 hluti í Sýn hf.



## Rannveig Eir Einarsdóttir

VARAFORMAÐUR STJÓRNAR

Rannveig Eir Einarsdóttir, er varaformaður stjórnar, fædd árið 1965. Hún er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Rannveig er forstjóri Reir Verk ehf., þróunar- og byggingarfélags. Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignaþróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun Sandhótels við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hotels. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. árin 2019 og 2020. Áður starfaði hún sem stjórnandi hjá Icelandair frá árinu 2000 til ársins 2016 á sviði mannauðsmála og sem forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair. Undanfarin fimm ár, eða frá árinu 2017, hefur Rannveig verið í stjórn Ölgerðarinnar og er enn stjórnarmaður í því félagi. Rannveig fer með 20.650.000 hluti í Sýn hf. gegnum Fasta ehf.



## Hákon Stefánsson

STJÓRNARMAÐUR

Hákon Stefánsson er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmanna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákoni, þ.e. Íslex ehf., InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 55.847.128 hluti í Sýn hf.



## Páll Gíslason

STJÓRNARMAÐUR

Páll Gíslason er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur sem hefur á rúmlega tuttugu ára ferli starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Páll hefur undanfarin 15 ár starfað að mestu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af sem meðstofnandi og forstjóri World Financial Desk (WFD) í Bandaríkjunum. WFD var um tíma með stærri viðskiptavökum á rafrænum mörkuðum með bandarísk ríkisskuldabréf og vaxtaafleiður víða um heim. Páll starfaði sem sjóðsstjóri hjá Crabel Capital Management í Los Angeles, í kjölfar sölu WFD til Crabel, og síðar sem forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Jiko sem er bandarískur fjártæknibanki. Páll á ekki eignarhlut í félaginu.



## Salóme Guðmundsdóttir

STJÓRNARMAÐUR

Salóme Guðmundsdóttir er fædd árið 1983. Hún er með BSc próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og lauk AMP stjórnendanámi við IESE í Barcelona árið 2019. Undanfarinn áratug hefur hún starfað þvert á atvinnulífið í hringiðu nýsköpunar og tækni. Hún starfar sem framkvæmdastjóri rekstrar hjá Justikal, en var áður forstöðumaður í viðskiptaþróun hjá sprotafyrirtækinu PayAnalytics og stjórnarmaður og ráðgjafi hjá Eyri Venture Management. Salóme starfaði sem framkvæmdastjóri Klak - Icelandic Startups árin 2014 til 2021. Þar áður var hún forstöðumaður Opna háskólans í HR. Salóme hefur víðtæka reynslu af nefndar- og stjórnarstörfum í íslensku atvinnulífi, hún er leiðbeinandi við Executive MBA nám háskólans í Reykjavík og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Salóme á ekki eignarhlut í félaginu.

## Varamenn

Varamenn stjórnar eru þau Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir.



## Herdís Dröfn Fjeldsted

FORSTJÓRI

Forstjóraskipti urðu á árinu. Með kauphallartilkynningu frá 16. október 2023 var upplýst að stjórn Sýnar og Yngvi Halldórsson, forstjóri, hefðu gert samkomulag um starfslok forstjóra. Viðræður um starfslokin áttu sér stað að frumkvæði forstjóra. Jafnframt var upplýst að Páll Ásgrímsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs, hefði tekið tímabundið við starfi forstjóra þar til nýr forstjóri yrði ráðinn. Páll gegndi starfi forstjóra þar til um miðjan janúar 2024 þegar Herdís Dröfn Fjeldsted tók til starfa í kjölfar ráðningarferlis.

Herdís Dröfn Fjeldsted er fædd árið 1971. Hún hefur víðtæka reynslu sem stjórnandi en hún var áður forstjóri Valitor þar sem hún leiddi félagið í gegnum endurskipulagningu og síðar sölu. Þar áður var hún framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands. Herdís hefur setið í fjölmörgum stjórnum bæði á Íslandi sem og erlendis. Hún var m.a. stjórnarformaður Icelandic Group og VÍS, varaformaður stjórnar Promens, stjórnar-maður í Icelandair Group, Invent Farma, Medicopack A/S og Copeinca AS. Herdís er formaður stjórnar Eyris Venture Management. Herdís útskrifaðist með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðamarkaðssetningu úr Tækniháskóla Íslands árið 2004 og með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Herdís er auk þess með próf í verðbréfaviðskiptum.



Framkvæmdastjórn
**Sýnar**

# FRAMKVÆMDASTJÓRN SÝNAR HF. 2023

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftar ef þurfa þykir. Við árslok 2023 voru framkvæmdastjórar þessir:

**Hulda Hallgrímsdóttir**

FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝSKÖPUNAR OG REKSTRAR

Hulda gekk til liðs við félagið sem framkvæmdastjóri Nýsköpunar og rekstrar í árslok 2022. Hún hefur alþjóðlega reynslu af rekstri, stórum umbreytingarverkefnum, gæðamálum, kerfisinnleiðingum og fleiru frá Össuri þar sem hún starfaði á tímabilinu 2011-2022. Í starfi sínu sem forstöðumaður á rekstrarsviði Össurar var áhersla hennar m.a. á gæðamál, innleiðingu regluverks lækningatækja, öryggismál og sjálfbærni þvert yfir fyrirtækið á alþjóðavísu. Þar áður starfaði hún sem verkefnastjóri í alþjóðlegum umbreytingaverkefnum þar sem áhersla var á að umbylta ferlum og innleiða nýtt vinnulag og tækni. Áður en hún kom til Össurar starfaði hún á upplýsingatæknisviði og þróunarsviði Landsbankans við að innleiða nýja ferla og tæknilausnir sem starfsmaður verkefnastofu. Hulda er með B.Sc. og M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði með áherslu á hermun og bestun frá Háskóla Íslands.

**Kristín Friðgeirsdóttir**

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA OG STEFNUMÓTUNAR

Kristín Friðgeirsdóttir tók við sem fjármálastjóri Sýnar hf. sumarið 2021. Kristín starfaði áður sem alþjóðlegur ráðgjafi í tekjustýringu, gagnagreiningu og stefnumarkandi ákvarðanatöku. Hún hefur jafnframt kennt MBA og stjórnendanámskeið í London Business School. Kristín hefur setið í stjórnum Kviku banka, Eikar, Controlant, Distica og Völku og var áður varaformaður stjórnar TM og stjórnarformaður Haga. Kristín er með masters-

gráðu í fjármálaverkfræði og doktorsgráðu í rekstrarverkfræði frá Stanford háskóla.

## Páll Ásgrímsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÖGFRÆÐISVIÐS

Páll Ásgrímsson er aðal-lögfræðingur félagsins en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál, aðfangastýring og regluvarsla. Páll kom til starfa hjá félaginu 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabil starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf. og Skjásins ehf. Páll er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með LL.M frá London School of Economics.

## Sesselía Birgisdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI VODAFONE

Sesselía tók við sem framkvæmdastjóri Vodafone í ársbyrjun 2023. Hún kom til Vodafone frá Högum þar sem hún starfaði sem forstöðumaður nýsköpunar og markaðsmála frá 2021-2023. Þar á undan starfaði Sesselía sem framkvæmdastjóri þjónustu-, sölu- og markaðssviðs hjá Íslandspósti. Á árunum 2016 til 2019 starfaði hún sem sem forstöðumaður stafrænna miðla og markaðsmála hjá Advania. Sesselía hefur lokið M.Sc. námi í stjórnun mannauðs, með áherslu á þekkingar og breytingarstjórnun frá Lundar háskóla í Svíþjóð og M.Sc. námi í alþjóðlegri markaðsfræði og vörumerkjastjórnun frá Lundar háskóla í Svíþjóð.

# SKIPURIT

11. janúar 2024

**FORSTJÓRI**
Herdís Dröfn Fjeldsted

**STÖÐ 2**
Eva Georgs Ásudóttir

**VEFMIÐLAR OG ÚTVARP**
Vilborg H. Harðardóttir

**VODAFONE**
Sesselía Birgisdóttir

**SÝN - INNVIÐIR**
Sigurbjörn Eiríksson

**ENDOR EHF.**
Gunnar Guðjónsson

**FRÉTTASTOFA VÍSIS, STÖÐVAR 2 OG BYLGJUNNAR**
Erla Björg Gunnarsdóttir

**NÝSKÖPUN, REKSTUR OG MANNAUÐUR**
Hulda Hallgrímsdóttir

**LÖGFRÆÐISVIÐ**
Páll Ásgrímsson

**FJÁRMÁL OG STEFNUMÓTUN**
Kristín Friðgeirsdóttir




# GENGI Á MARKAÐI

# Velta með hlutabréf félagsins árið 2023 nam rúmlega 11,9 milljörðum króna í alls 1.670 viðskiptum.

Mest var veltan í mars en heildarvelta þess mánaðar nam rúmlega 2,1 milljarði króna. Hluthafar í árslok 2023 voru 367 samanborið við 368 í lok árs 2022. Gengi félagsins fór úr 60,0 í lok árs 2022 í 47,5 í lok árs 2023 sem er 20,8% lækkun milli ára. Útgefið hlutafé félagsins í árslok 2023 nam 2.510 m. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Þann 17. febrúar 2023 tók stjórn ákvörðun um að ljúka endur-kaupaáætlun sem hafði verið í gangi frá 7. nóvember 2022. Sama dag var sett í gang öfugt útboð sem lauk þann 20. febrúar. Félagið keypti í öfuga útboðinu 13.559.322 hluti fyrir 800 m. kr. Félagið átti þá samtals 17.375.208 hluti eða um 6,47% af útgefnu hlutafé. Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 19. apríl og eru útgefnir hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina.

Á aðalfundi félagins þann 17. mars var einnig samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 m. kr. vegna rekstrarársins 2022. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 m. kr. innt af hendi þann 5. apríl.

Þann 9. nóvember hófst önnur endurkaupaáætlun sem lauk 16. febrúar 2024. Í lok árs 2023 átti félagið 1.753.979 eigin hluti.

# Þróun á gengi árið 2023



# 10 STÆRSTU HLUTHAFAR VIÐ ÁRSLOK 2023

| NAFN | FJÖLDI HLUTA | HLUTFALL |
|---|---|---|
| Gavia Invest ehf. | 42.147.128 | 16,79% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 39.490.655 | 15,73% |
| Arion banki hf. | 22.935.742 | 9,14% |
| Fasti ehf. | 20.650.000 | 8,23% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 18.822.485 | 7,5% |
| Birta lífeyrissjóður | 13.726.660 | 5,47% |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild | 12.678.286 | 5,05% |
| InfoCapital ehf. | 10.000.000 | 3,98% |
| Landsbankinn hf. | 7.744.386 | 3,09% |
| TM tryggingar hf. | 6.000.000 | 2,39% |



# LYKILTÖLUR

## HEILDARTEKJUR

Milljónir króna




## EBITDA

% EBITDA leiðrétt fyrir áhrifum af innviðasölu




*EBITDA sem prósentuhlutfall af rekstrartekjum

## AFKOMA
Milljónir króna



# REKSTRARÞÆTTIR

## REKSTRARBREYTUR

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | m. kr. | 20.786 | 21.765 | 22983 | 25.911 |
| Eignir alls | m. kr. | - | - | - | 34.935 |
| Eigið fé alls | m. kr. | 8.549 | 8.545 | 9469 | 10.288 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 457 | 453 | 460 | 492 |
| Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur | $m^2$ | 5.816 | 8.284,6 | 8284,6 | 8.284,6 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^3$ | - | - | - | - |

# LOSUNARKRÆFNI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Losunarkræfni orku | kg$CO_2$í/MWst | 24,89 | 26,18 | 29,52 | 32,47 |
| Losunarkræfni starfsfólks | kg$CO_2$í/stöðu-gildi | 536,98 | 568,1 | 612,63 | 638,95 |
| Losunarkræfni tekna | kg$CO_2$í/milljón | 11,81 | 11,82 | 12,26 | 12,13 |
| Losunarkræfni eigna | kg$CO_2$í/milljón | - | - | - | 9 |
| Losunarkræfni eiginfjár | kg$CO_2$í/milljón | 28,7 | 30,1 | 29,8 | 30,6 |
| Losunarkræfni á hvern fermetra | kg$CO_2$í/$m^2$ | 42,19 | 31,06 | 34,02 | 37,95 |
| Losunarkræfni á hvern rúmmetra | kg$CO_2$í/$m^3$ | - | - | - | - |

# ORKUKRÆFNI

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Orkukræfni starfsfólks | kWst/stöðugildi | 21.575,8 | 21.699,6 | 20.753,4 | 19.680,8 |
| Orkukræfni tekna | kWst/m. kr. | 474,4 | 451,6 | 415,4 | 373,7 |
| Orkukræfni á fermetra | kWst/$m^2$ | 1.695,3 | 1.186,5 | 1.152,3 | 1.168,8 |
| Orkukræfni á rúmmetra | kWst/$m^3$ | - | - | - | - |

# ÚRGANGSKRÆFNI

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Úrgangskræfni starfsmanna | kg/stöðugildi | 103,3 | 119,2 | 99,7 | 108 |
| Úrgangskræfni tekna | kg/m. kr. | 2,27 | 2,48 | 2 | 2,05 |

# LOSUNARBÓKHALD

## GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Umfang 1 | $tCO_2$í | 130,2 | 117 | 135,7 | 122 |
| Umfang 2 (landsnetið) | $tCO_2$í | 94,7 | 95,4 | 90,5 | 92,5 |
| Umfang 2 (með markaðsaðgerðum) | $tCO_2$í | - | - | - | 3.976,8 |
| Umfang 1 og 2 | $tCO_2$í | 224,9 | 212,4 | 226,2 | 214,5 |
| Umfang 3 | $tCO_2$í | 20,5 | 45 | 55,6 | 99,9 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3) | $tCO_2$í | 245,4 | 257,3 | 281,8 | 314,4 |
| Losunarkræfni á hvern rúmmetra | $kgCO_2$í/$m^3$ | - | - | - | - |

# UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 130,2 | 117 | 135,7 | 122 |
| Staðbundin eldsneytisnotkun | $tCO_2í$ | 7,3 | - | - | - |
| Eldsneytisnotkun farartækja | $tCO_2í$ | 122,9 | 117 | 135,7 | 122 |
| Lekalosun | $tCO_2í$ | - | - | - | - |
| Losun frá iðnaðarferlum | $tCO_2í$ | - | - | - | - |

# UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 94,7 | 95,4 | 90,5 | 92,5 |
| Rafmagn | $tCO_2í$ | 77,2 | 79,7 | 76 | 79,3 |
| Hitaveita | $tCO_2í$ | 17,6 | 15,7 | 13,7 | 13,2 |
| Kæling | $tCO_2í$ | - | - | - | - |
| Gufa | $tCO_2í$ | - | - | - | - |

# UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta** | | | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Aðkeypt vara og þjónusta til eigin nota | $tCO_2$í | - | - | - | - |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 2: Fastafjármunir** | | | | | |
| Heildarlosun | t$CO_2$í | - | - | - | - |
| Mannvirki | t$CO_2$í | - | - | - | - |
| Farartæki | t$CO_2$í | - | - | - | - |
| Tækjabúnaður | t$CO_2$í | - | - | - | - |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi** | | | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | - | 32,1 | 40 | 36,3 |
| Losun á fyrri stigum vegna elds-neytisnotkunar | $tCO_2$í | - | 29,5 | 33,7 | 30,2 |
| Losun á fyrri stigum vegna raf-magnsnotkunar | $tCO_2$í | - | 2,6 | 0,3 | 0,3 |
| Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu | $tCO_2$í | - | 0 | 6 | 5,8 |
| Framleiðsla á áframseldri raforku | $tCO_2$í | - | - | - | - |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing** | | | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Flugfrakt | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Sjóflutningur | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Landflutningar | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Lestarflutningar | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Hýsing á keyptri vöru | $tCO_2$í | - | - | - | - |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri** | | | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 13,2 | 10,8 | 6,6 | 7 |
| Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi | $tCO_2$í | 13,2 | 10,8 | 6,6 | 7 |
| Fráveita | $tCO_2$í | - | - | - | - |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur 6: Viðskiptaferðir** | | | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 7,2 | 2 | 9 | 56,5 |
| Flugferðir | $tCO_2$í | 6,9 | 2 | 9 | 56,5 |
| Lestarferðir | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Rútuferðir | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Bílferðir | $tCO_2$í | 0,3 | - | - | - |
| Sjóferðir | $tCO_2$í | - | - | - | - |
| Gistinætur | $tCO_2$í | - | - | - | - |



# TVÖFÖLD MIKILVÆGIS-GREINING

Mikilvægur þáttur í sjálfbærni-upplýsingagjöf Sýnar er að miðla upplýsingum um veigamikla þætti í starfseminni með tilliti til sjálfbærni á sviði efnahags-, umhverfis-, félagsþátta og stjórnarhátta. Á árinu 2022 var unnin mikilvægisgreining sem byggði á viðmiðum GRI staðalsins og á síðastliðnu ári var sú greining uppfærð í samræmi við í ESRS staðal Evrópusambandsins um tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double Materiality). Þar er áhersla lögð á að greina og meta áhættu og tækifæri hvers mikilvægisþáttar auk fjárhagslegra og samfélagslegra áhrifa. Ennfremur voru áhrif kortlögð út frá viðtölum við hagaðila félagsins með tilliti til mikilvægis og viðhorfa þeirra til sjálfbærniþátta Sýnar. Langbrók ráðgjöf vann að tvöföldu mikilvægisgreiningunni í samráði við sjálfbærni stýrihóp félagsins. Tvöföld mikilvægisgreining er mikilvægur grunnur að efnistökum í árs- og sjálfbærniskýrslu Sýnar og fyrir langtíma stefnumótandi áherslur félagsins í sjálfbærnimálum, þar sem áhætta, áhrif og tækifæri félagsins á sviði sjálfbærnimála eru kortlögð. Valdir hagsmunaaðilar Sýnar, víðsvegar úr virðiskeðju félagsins, tóku þátt í tvöfaldri mikilvægisgreiningu á helstu sjálfbærniáherslum (UFS áherslum) fyrirtækisins. Mikilvægi helstu sjáfbærniþátta/viðfangsefna Sýnar var metið af hagsmunaaðilum og byggir greiningin á viðmiðum ESRS ásamt niðurstöðum hagaðilasamtala við stjórnendur og lykilstarfsmenn Sýnar frá árinu 2022.

Fjárhagsleg áhrif (e. Financial Materiality – Outside-In): Hér er horft til áhrifa umhverfis- og samfélagsmála á efnahagslega afkomu fyrirtækisins. Markmiðið er að kortleggja þá félags- og umhverfisþætti sem geta haft áhrif á starfsemi fyrirtækisins, sem og þau efnahagslegu tækifæri sem þessir þættir geta skapað.

Önnur áhrif (e. Impact Materiality – Inside-Out): Mat á áhrifum af starfsemi fyrirtækisins á umhverfi og samfélag. Markmiðið með þessari kortlagningu felst í því að kortleggja mikilvægustu sjálfbærniþættina sem þarf að mæla og miðla áfram í sjálfbærniskýrslu, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda, mannréttindi, auðlindastjórnun, fjölbreytni og inngilding, viðskiptasiðferði og fleira.

Lagt var mat á vægi sjálfbærniþátta og má sjá áhrif þeirra á mynd hér til hægri.


Fjárhagsleg áhrif
Utanaðkomandi áhrif á rekstur Sýnar
Mjög mikil
Mikil
Miðlungs
Helgun og starfsánægja
Siðferði og hlítni við lög og reglur
Markaðsmál og ímynd vörumerkis
Stjórnarhættir
Þróun í starfi
Stefna í sjálfbærni
Orkunotkun og aðrir orkugjafar
Vellíðan, heilsa og öryggi
Ábyrg stýring virðiskeðju
Innviðauppbygging
Upplifun viðskiptavina
Leiðtogar í öryggismenningu
Úrgangsstjórnun og endurvinnsla
Umbreyting hringrásarhagkerfisins
Ábyrg félagsleg stjórnun virðiskeðjunnar
Varnir gegn spillingu og mútum
Mannréttindi tryggð á öllum stigum virðiskeðjunnar
Gegnsæi
Fjölbreytileiki, jafnrétti og inngildin
Losun gróðurhúsaloftteguna
Viðskiptasiðfræði
Samræmi við ESG reglugerð
Áhætta og stjórnun loftslagsbreytinga
Óbein samfélagsleg áhrif
Samvinna við birgja og gegnsæi
Vatnsbúskapur
Miðlungs
Mikil
Mjög mikil
Önnur áhrif
Áhrif reksturs Sýnar á samfélag og umhverfi
U
Umhverfi
S
Samfélag
M
Mannauður
SS
Stjórnarhættir/
starfsemi

# FLOKKUNAR-REGLUGERÐ

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð Evrópusambandsins (ESB) 2021/2139 og á að styðja að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að styðja verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera studd í samræmi við lágmarks verndarráðstafanir, er varðar m.a. aðgerðir gegn spillingu og vernd mannréttinda í starfseminni.
Auk þess þarf fyrirtækið að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.
Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB árið 2023 og bíður innleiðingar hér á landi.
Gerð er krafa um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda fyrir

nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.
Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66 d. í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Sýn þar á meðal.

## Hæf starfsemi Sýnar í skilningi reglugerðarinnar

Sýn hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkur 6.5: flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum fellur undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga og flokkar 8.3: útvarps- og sjónvarpssendingar og dagskrárgerð og 13.3: útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum.

## Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Þó svo að bílar í eigu og rekstri Sýnar séu allir annað hvort rafmagnsbílar eða svokallaðir hybrid bílar og uppfylli markmiðið um verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga eru kröfur sem snúa að hjólbörðum þeirra þess eðlis að gera þarf ráðstafanir til að þeir standist viðmið varðandi veltiviðnámsstuðul og ytri snúningshávaða. Eins og stendur næst ekki að uppfylla þær kröfur í bílaflota Sýnar og því er ekki hægt að staðfesta að þeir séu umhverfislega sjálfbærir í skilningi reglugerðarinnar.
Flokkar sem snúa að útvarps- og sjónvarpssendingum, dagskrárgerð og útgáfustarfsemi efnis falla undir umhverfismarkmiðið; aðlögun að loftslagsbreytingum. Þar eru víðamiklar kröfur gerðar til framkvæmdar loftslagsáhættu- og veikleikamats með tilliti til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Matið skal gert í fjórum skrefum út frá umfangi starfseminnar og væntum líftíma og koma skal fram með aðlögunarlausnir sem draga úr helstu efnislegu loftslagsáhættum. Slíkt mat hefur ekki farið fram á starfsemi Sýnar og því ekki hægt að staðfesta loftslagsáhættur á starfsemi fyrirtækisins, en vinna við slíkt mat mun fara fram á árinu 2024 með það að markmiði að staðfesta umhverfislega sjálfbærni starfseminnar fyrir næsta

ár.
Sýn mun því ekki upplýsa um hlutfall umhverfislega sjálfbærrar starfsemi fyrir árið 2023 en stefnir að því að þær upplýsingar verði birtar fyrir árið 2024 með vissu um rétta og staðfesta upplýsingagjöf. Reikningsskilaupplýsingar byggja því á útreikningum á hæfi (e. eligible) starfsemi og er vísað í ársreikning félagsins er varðar útreikning á lykilmælikvörðum.

**[Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi Sýnar.]**




vodafone
BYLGJAN
SPORT
vísir

# HAGSMUNAAÐILAR

Markmið Sýnar hf. er að eiga í ábyrgum og gagnsæjum samskiptum við alla hagaðila félagsins og standa vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni.

Sýn er hlutafélag skráð á aðalmarkað Nasdaq OMX Iceland. Upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins undir **fjárfestatengslum.** Þá hefur félagið sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, auk þess sem miðlar félagsins starfa á grundvelli útgefinnar ritstjórnarstefnu.

Hagaðilar Sýnar eru fjölmargir en hagaðilagreining félagsins var unnin af starfsfólki og stjórnendum Sýnar. Hagaðilar Sýnar skiptast í innri og ytri hagaðila.

Meðal innri hagaðila Sýnar eru: starfsfólk, stjórnendur, hluthafar og yfirstjórn.

Meðal ytri hagaðila Sýnar eru: náttúran, viðskiptavinir, birgjar, þjónustuaðilar, samstarfsaðilar, dótturfélög, eftirlitsaðilar, aðrir fjölmiðlar, fyrirtæki, stofnanir, greiningaraðilar, félaga- og hagsmunasamtök, umhverfissamtök, yfirvöld og samkeppnisaðilar.






INNRI HAGSMUNAAÐILAR
sýn
MANNAUÐUR / HLUTHAFAR | STJÓRN | DÓTTURFÉLÖG


SAMFÉLAG
VIRÐISKEÐJA
EFNAHAGUR
STJÓRNARHÆTTIR
sýn
YTRI HAGSMUNAAÐILAR
STJÓRNVÖLD / EFTIRLITSAÐILAR | GREININGARAÐILAR
VIÐSKIPTAVINIR | SAMSTARFSAÐILAR
BIRGJAR / ÞJÓNUSTUAÐILAR | SAMSTARFSAÐILAR
NÁTTÚRAN | UMHVERFISSAMTÖK | RAFORKA

# VOTTANIR

Sýn leggur áherslu á fagleg vinnubrögð sem tryggir örugga starfsemi. Fyrirtækið hlaut fyrst vottun á stjórnkerfi upplýsinga-öryggis árið 2014 og fékk á árinu 2023 endurnýjun á vottun í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO27001:2013, sem staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins.

Í lok nóvember 2023 framkvæmdi úttektaraðili frá BSI úttekt á jafnlaunakerfi Sýnar og mælti í framhaldinu með áframhaldandi vottun Sýnar á staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi. Vottunin staðfestir að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur staðalsins og laga nr. 50/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Markmið Sýnar með jafnlaunakerfinu er að koma í veg fyrir mismunun milli kynja og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna. Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun og tekur hún meðal annars til mannréttinda samkvæmt þeim þáttum sem tilgreindir eru í lögum og stjórnarskrá.

Sýn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í vinnuverndarmálum og einsetur sér að vernda starfsfólk, verktaka og aðra þá sem starfa fyrir félagið og skapa slysalausa vinnuaðstöðu. Sýn hefur innleitt verklag í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO45001:2018, stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað. Stjórnkerfið tryggir að unnið sé faglega í samræmi við þekkta ferla og skipulag sem styður við markmið Sýnar um öryggi, heilbrigði og vinnuumhverfi á vinnustöðum starfsfólks, verktaka eða þriðja aðila sem vinna fyrir fyrirtæki.



# BIRGJAMAT

Sýn hefur frá 2014 verið með birgjamat en þó nánast eingöngu í gegnum Vodafone Procurement Company (VPC) í Lúxemborg, félag sem sér um öll innkaup fyrir Vodafone Group. Athugað er hvort viðkomandi birgi hafi staðist birgjamat hjá VPC en það þykir mikill heiður, og ef svo er þá er sá birgi samþykktur hjá Sýn.

Enn fremur hefur alla tíð verið litið til þess ef verið er að ráða verktaka í útivinnu eða tökumenn í íþróttahúsum, að tekið sé tillit til vinnuverndar. Vinnuvernd lýtur að persónulegu öryggi t.d. vinna í lokuðu rými, vinna upp fyrir sig, jarðvinna, búnaðaröryggismál (vottaður búnaður), vinna í rafsegulsviði, rafmagnsvinna og vinna í mikilli hæð og þurfa viðkomandi að hafa öll leyfi og heimildir eða tryggingar í lagi ásamt því að skrá öryggisatvik. Allir þessir þættir skulu ná til undirverktaka. Sýn tryggir auk þess aukalega það starfsfólk sem vinnur hættulegustu störfin sem nemur dánarbótum og örorkubótum.

## Birgjamat með tilliti til UFS

Farið var að horfa til umhverfis-legra- og félagslegra þátta ásamt stjórnarhátta við framkvæmd birgjamats árið 2022 og hélt innleiðingin áfram árið 2023. Þar er litið til sameiginlegs virðis, sjálfbærni og hlítni en birgjamat Sýnar tekur til:

- UMHVERFISMÁLA

Að gengið sé vel um náttúruna við framkvæmdir eins og uppsetningar á sendum.

- MANNRÉTTINDA

Að réttur starfsfólks sé viðurkenndur, félagafrelsi, kaup og kjör, að starfsfólk geti sinnt starfi sínu án valds eða nauðungar og að ekki sé verið að ráða ólögráða börn.

- ÞJÓÐERNIS FÓLKS OG UPPRUNA

Að birgjar og starfsfólk á þeirra vegum hafi jöfn tækifæri án mismunar með tilliti til kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða skoðana.

- MÖGULEGRAR SPILLINGAR

Að birgjar skuli beita sér gegn spillingu, mútum, fjárkúgunum, svikum og beita viðurkenndum siðareglum í viðskiptum og forðast hagsmunaárekstra milliliða og undirverktaka.

Við vinnslu á ófjárhagslegum upplýsingum er stuðst við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq hefur sett fram fyrir skráð fyrirtæki á markaði. Þessi viðmið uppfylla ákveðna þætti hins alþjóðlega staðals Global Reporting Initative (GRI) sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum um sam-félagsábyrgð með gagnsæjum og skýrum hætti. Sýn vinnur þessar upplýsingar í samstarfi við Klappir.

Stefnt er að því að senda birgjamat á alla birgja um leið og

starfsmaður óskar eftir heimild til að eiga viðskipti við nýjan birgja. Í kjölfarið verður sent einfalt Excel skjal með spurningum sem lúta einna helst að öryggis-atriðum í tengslum við ISO 27001 ásamt því hvort um sé að ræða ábyrgan og stöðugan rekstur.

Búið er að taka saman lista með birgjum, innlendum og erlendum með veltu yfir 10 m. kr. á ári og safna saman tengiliðalista. Stefnt er að því að senda út fyrsta birgjamatið í gegnum Klappir á öðrum ársfjórðungi 2024. Notaðir verða staðlaðir spurningalistar úr kerfinu hjá Klöppum þar sem spurt er um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Svo verður bætt við spurningum sem lúta að ISO 27001. Ætlunin er að senda birgjamatið á stærstu birgja Sýnar einu sinni á ári héðan í frá.

## Samningar við birgja

Í stöðluðu samningsformi fyrir birgja Sýnar hafa verið ákvæði frá 2014 um að birgjar skuli starfa samkvæmt ábyrgri umhverfis-stefnu sem hæfir starfsemi þeirra og setja sér markmið þar að lútandi. Enn fremur skulu birgjar tryggja gæði allra þátta í verkefnum sem þeir koma að með kerfisbundnum, skipulegum og skjalfestum hætti. Tekið er fram að Sýn gegni mikilvægu samfélagslegu hlutverki og veiti víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði félagsins. Sýn tekur hlutverk sitt alvarlega og leggur sig fram við að vera fyrirmynd annarra í ýmsum samfélags- og sjálfbærnimálum. Fyrirtækið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að vernda umhverfið og sýna starfsfólki sínu og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Sýn gerir þá kröfu til birgja að þeir geri ekkert sem kann að orka tvímælis hvað þetta samfélags-lega hlutverk varðar. Í stöðluðum samningsformum er einnig tekið á peningaþvætti, mútum og spillingu.

# ÁHÆTTU-STJÓRNUN

## Innra eftirlit og áhættustjórnun

Áhættustjórnun er hluti af stjórnkerfi Sýnar í þeim tilgangi að tryggja árangursríkan, ábyrgan og samfelldan rekstur. Markmið áhættustýringar hjá Sýn er að tryggja samfelldan rekstur við hverjar þær aðstæður sem upp kunna að koma. Félagið hefur sett sér áhættustefnu sem endurspeglar áherslu stjórnar á meðhöndlun áhættu í starfsemi Sýnar. Fagleg vinnubrögð starfsfólks er lykill að árangri og tryggir að viðeigandi ráðstöfunum sé beitt til að draga úr áhættum sem steðja að starfsfólki eða félaginu. Heilt yfir er rekstur Sýnar frekar áhættufælinn sem þýðir að félagið bregst almennt við áhættum með því að meðhöndla þær til áhættulækkunar, t.d. þegar kemur að þjónusturofi vegna óveðurs, heilsu og öryggi starfsfólks, viðskiptavina, vinnslu upplýsinga og rekstur net- eða upplýsingakerfa. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur gæða- og öryggisráði að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu.

Víðtækar innri og ytri úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins.

Úttektir á stjórnkerfi upplýsingaöryggis, hlítni við lög, reglur og meðferð trúnaðarupplýsinga er á ábyrgð gæða- og öryggisdeildar sem upplýsir gæða- og öryggisráð Sýnar um niðurstöður þeirra. Í gæða- og öryggisráði eiga sæti forstjóri, framkvæmdastjórar, forstöðumenn innviða og Endor, dótturfélags Sýnar, og gæða- og öryggistjóri. Ráðið fundar mánaðarlega.

Regluvörður heyrir undir Lögfræðisvið Sýnar. Meginhlutverk regluvörslu er að draga úr hættu á því að reglur séu brotnar í rekstri félagsins með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá snýr starf regluvarðar öðru fremur að því að tryggja að fullnægjandi þekking sé til staðar innan félagsins á ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.

Stjórn Sýnar fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórn sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formlegt og skjalfest.

## Upplýsingaöryggi

Sýn leggur áherslu á jákvæða öryggismenningu innan félagsins með það að markmiði að öryggi og vernd upplýsinga verði hluti af daglegum störfum starfsfólks. Öll sem hefja störf hjá félaginu fara í gegnum ítarlegt nýliðanámskeið þar sem m.a. er lögð áhersla á öryggisvitund, persónuvernd og fylgni við lög, reglur og innra verklag. Sýn hefur komið upp rafrænni fræðslugátt, UNI, þar sem er að finna fjölda af ítarlegum rafrænum námskeiðum. Árlega skal allt starfsfólk félagsins taka rafræn námskeið um upplýsingaöryggi og persónuvernd.

Sýn er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO27001 og er með henni staðfest að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins. Árlega framkvæma úttektaraðilar úttekt á stjórnkerfinu til að tryggja virkni þess. Í maí 2023 fór fram þriggja ára endurnýjunarúttekt á vottuninni og var ákveðið að fá nýja úttektaraðila að borðinu. Samið var við KPMG og framkvæmdu úttektaraðilar, bæði frá Íslandi og Finnlandi, úttektina. Úttektaraðilar staðfestu vottun stjórnkerfisins.

Hluti af starfsemi Sýnar telst til rekstrarlega nauðsynlegrar þjónustu fyrir Ísland og tryggir stjórnkerfi félagsins m.a. fylgni við lög og reglur um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Sýn lýtur eftirliti Fjarskiptastofu. Net- og upplýsingakerfi félagsins eru vöktuð allan sólahringinn af starfsfólki stjórnborðs Sýnar þar sem unnið er eftir skilgreindu verklagi ef upp koma bilanir eða þjónusturof. Til staðar er viðbragðs- og neyðaráætlun sem er virkjuð ef upp koma atvik eða atburðir sem ógna öryggi net- eða upplýsingakerfa. Þar eru hlutverk og ábyrgð skýr og skilgreindar hafa verið aðgerðir og boðleiðir eftir mismunandi atvikum og atburðum. Til að mynda var ákveðið að færa Sýn á viðbúnaðar- og viðbragðsstig samkvæmt neyðaráætlun félagsins viku fyrir og eftir leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023. Þar sem metin var töluverð áhætta á því að ógnaraðilar myndu ráðast á net- eða upplýsingakerfi opinberra aðila, fyrirtækja og fjarskiptafélaga. Það að vera á viðbúnaðar- og viðbragðsstigi felur m.a. í sér að farið er í ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir, eftirlit er aukið með netárásum eða netógnum og fleira starfsfólk er í viðbragðsstöðu.

Viðbragðs- og neyðaráætlun var jafnframt virkjuð nokkrum sinnum á árinu vegna veðurhamfara, jarðhræringa og eldgosa á Reykjanesi. Neyðaráætlun er í stöðugri rýni og endurskoðun þar sem eftirfylgnifundir eru haldnir eftir hvert atvik eða atburð. Á fundunum er m.a. farið yfir hvort skilgreint skipulag og aðgerðir hafi virkað rétt og hvað hefði mátt gera með öðrum hætti.



## 2. HLUTI

# OKKAR SÝN

# STEFNA

## Verðmætar einingar

„Verðmætar einingar" er yfirlýsing um að raunverulegt verðmæti fyrirtækisins felist ekki aðeins í einstökum framlögum rekstrareininga félagsins heldur í þeim sameinuðu áhrifum sem þau skapa. Henni er ætlað að undirstrika að þegar hver eining innan félagsins virkir sína styrkleika og starfar saman eykst verðmæti heildarinnar verulega.

## Ábyrgur rekstur

Stjórnendur og starfsmenn Sýnar leggja áherslu á að rekstur félagsins sé samfélagslega ábyrgur. Við erum meðvituð um hlutverk okkar í samfélaginu og þau áhrif sem reksturinn



hefur á samfélagið og umhverfi. Við erum staðráðin í að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemina og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni.

## EBIT Markmið

Ábyrgur rekstur og góð afkoma er lykilþáttur í framtíðaráformum félagsins. Sýn setur sér skýr markmið um EBIT niðurstöðu.

## Framúrskarandi þjónusta

Allar einingar Sýnar veita sínum viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Áhersla er lögð á skýra ferla, sjálfvirkni og sjálfsþjónustu. Þjónustumenning félagsins einkennist af jákvæðni og metnaði þar sem er horft til stöðugra umbóta þar sem allir leggja sig fram við að gera betur í dag en í gær.

Við leggjum okkur fram við að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði og veita persónulega þjónustu. Við þekkjum okkar lykilviðskiptavini og setjum í forgang að auka ánægju þeirra, þar liggur okkar ástríða.

## Einföldun og skilvirkni

Við einföldum viðskiptavinum og starfsfólki lífið. Vörur og lausnir félagsins eiga að vera einfaldar og notendavænar. Innri ferlar, kerfi og skipulag eru hönnuð með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi.

## Nýsköpun og framþróun

Við erum leiðandi í nýjungum og sköpum okkur þannig sérstöðu, hvort sem um ræðir nýjar tekjustoðir eða frekari þróun á núverandi vörum og þjónustum. Við erum vakandi gagnvart nýjungum í tækni og erum stöðugt að leita leiða til hagnýtingar tækninnar til að auka sjálfbærni í rekstrinum, fyrir viðskiptavini og aðra hagaðila.

## Gagnadrifin ákvarðanataka

Við viljum tryggja skilvirkni og ábyrgan rekstur og nýtum til þess gögn. Við innleiðum mælikvarða til að greina framþróun á mikilvægum þáttum í starfseminni. Við viljum byggja undir okkar gagnaumhverfi þannig að hægt sé að takast á við auknar kröfur viðskiptavina.

## Gleði

Við viljum að það sé gaman í vinnunni. Við erum fjölbreyttur hópur og við styðjum hvort annað. Hamingja og lífsfylling eru nauðsynlegir þættir fyrir persónulega og sameiginlega vellíðan. Saman getum við fagnað litlu augnablikunum og stóru sigrunum á leið okkar að settum markmiðum.

## Ástríða

Í hjarta okkar starfsemi er ástríðan drifkraftur jákvæðra breytinga. Hún er eldsneyti helgunar, neisti sköpunargáfu og knýr áfram nýsköpun og framþróun.

## Metnaður

Við höfum metnað fyrir því að ná árangri. Við gerum betur í dag en í gær. Við vinnum stöðugt að umbótum og framþróun til þess að ná markmiðum okkar. Við horfum ávallt til leiða til að efla sjálfbærni í starfseminni. Við brennum fyrir framúrskarandi upplifun viðskiptavina okkar.

# VIRÐISKEÐJA
# SÝNAR


VERSLANIR
vodafone
5G
NÝSKÖPUN
VETTVANGS-ÞJÓNUSTA
FJARSKIPTA-ÞJÓNUSTA
FRÉTTASTOFA
FRAMLEIÐSLA
SPORT
SJÓNVARP
SJÓNVARPS-ÚTSENDING
STREYMIS-VEITA
VIÐSKIPTAVINIR
DREIFING
FJARSKIPTI
KERFI
GAGNAVER
ENDOR
ENDOR
FARSÍMI
FRÉTTASTOFA
ÚTVARP
vísir
BYLGJAN
VEFMIÐLAR OG ÚTVARP
MARKAÐS-TORG
LEIT



# FRAMSÆKNIR MIÐLAR

# Miðlar Sýnar hafa sýnt fram á stöðugan vöxt á árinu 2023 en samkvæmt mælingum Gallup nota 76,5% allra landsmanna fjölmiðla Sýnar daglega og 94,4% vikulega.

Fjölmiðlar Sýnar einkennast af sjálfstæði, fagmennsku og ábyrgð en efni þeirra endurspeglar íslenskt samfélag með framúrskarandi íslenskt fréttaefni og framleiðslu á menningar-, fræðslu- og skemmtiþáttum. Íslenskt íþróttaefni er félaginu einnig mikilvægt og er lögð rík áhersla á að stuðla að jafnvægi í umfjöllun um íþróttir óháð kyni. Auk þess leggur Sýn ríka áherslu á að stuðla að nýsköpun og framþróun til að tryggja sem besta þjónustu og upplifun fyrir viðskiptavini og hagaðila.

Á fjórða ársfjórðungi var gengið frá kaupum á já.is. Í kjölfarið voru rekstrareiningarnar Vefmiðlar og útvarp og Stöð 2 settar á laggirnar. Þessi breyting mun skerpa enn betur á rekstri fjölmiðla Sýnar og er gerð til að styrkja báðar einingar og byggja upp virði fyrir félagið. Fréttastofa Vísis, Stöðvar 2 og Bylgjunnar starfar áfram þvert á þessar einingar.

# STÖÐ 2 OG STÖÐ 2+

Á árinu 2023 var lykiláhersla lögð á fjölbreytt íslenskt dagskrárefni sem snertir íslenskt samfélag. Slagorð Stöðvar 2 er „margfalt skemmtilegri" og voru þessi orð höfð að leiðarljósi í þáttagerð stöðvarinnar til að stuðla að jákvæðri upplifun áskrifenda sem og jákvæðum áhrifum á íslenskt samfélag.

Stöð 2 er bæði framleiðandi að íslensku dagskrárefni auk þess að vera í samstarfi við öll helstu framleiðslufyrirtæki landsins. Á árinu 2023 voru frumsýndar 25 nýjar íslenskar þáttaraðir, allt frá fréttatengdu efni yfir í leikið efni, raunveruleika- og skemmtiefni. Að auki eru fréttir í beinni útsendingu alla daga ársins og dægurmálaþátturinn Ísland í dag fjóra daga vikunnar. Rík áhersla hefur verið á að styrkja dagskrána um helgar með hágæða skemmtiefni eins og Kviss og Idol í bland við gæða erlent efni, eins og til dæmis HBO seríuna Succession sem var sýnd á haustmánuðum, og stuðla þannig að samáhorfi fjölskyldunnar. Stefna Stöðvar 2 til framtíðar er að halda áfram að styrkja innlenda þáttagerð.

Vöxtur streymisveitunnar Stöð 2+ hefur verið í öndvegi á árinu en tugþúsundir Íslendinga kjósa að nálgast dagskrárefni í gegnum miðilinn. Lykiláhersla hefur verið lögð á að skapa gott jafnvægi milli línulegu stöðvarinnar og streymisveitunnar með breyttum áherslum á útgáfu efnis þar sem hvor miðill fyrir sig fær að njóta sín.

Í september fékk Stöð 2 nýtt útlit þar sem lögð var áhersla á gott flæði milli dagskrárliða á línulegu stöðinni sem og að styrkja vörumerkið Stöð 2 með fjölbreyttari litaflóru og grafík sem endurspeglar fjölbreytileika stöðvarinnar. Breytingin var unnin í samstarfi við breska ráðgjafafyrirtækið Red Bee sem eru fremst í flokki þegar kemur að útliti og upplifun á sjónvarpsstöðvum og streymisveitum.

Sú nýjung varð árið 2023 að á streymisveitunni Stöð 2+ gátu notendur valið prófíla fyrir alla fjölskyldumeðlimi með vinsælum og skemmtilegum karakterum Stöðvar 2. Með þessu móti varð notendaupplifunin í ólínulega heiminum betur miðuð að persónulegum þörfum hvers og eins notanda.


Idol
Idol

# FRÉTTASTOFAN ALLTAF Á VAKTINNI

Stríð í Evrópu, grjótharðar vinnudeilur, útlendingamál, hvalveiðibann og -deilur, bankasala, verðbólgubál og ekki síst viðvarandi skjálftar og gos með rýmingu Grindavíkurbæjar voru meðal helstu fréttamála ársins hjá fréttastofu Vísis, Stöðvar 2 og Bylgjunnar.

Fréttamenn stóðu vaktina, í nokkrum tilfellum á sólarhrings-vakt og beinar fréttaútsendingar voru tíðar; hvort sem það voru mótmæli í hvalskipum eða hraun að renna inn í Grindavíkurbæ.

Þetta mikla fréttaár kallaði á fjölda beinna vakta á Vísi. Beinar sjónvarpsútsendingar á Vísi voru tvö hundruð talsins, skjálftar og gos voru í beinni í vefmyndavél allan sólarhringinn, flogið var í þyrlu yfir gosstöðvar og í tveimur tilfellum þótti ástæða til að hafa aukafréttatíma vegna atburða. Þá var farið í fjölda fréttaferða; Magnús Hlynur fór út um allt land til að segja fréttir af fólki og dýrum og einnig var farið út fyrir landssteinana, meðal annars fylgdi fréttamaður forsætis-ráðherra til Helsinki þar sem hún hitti forseta Úkraínu og að sjálfsögðu var fylgst grannt með Eurovision með lifandi frétta-flutningi frá Liverpool.

Fastir liðir voru á sínum stað á árinu; Kryddsíld fékk mikið áhorf við það að hægt var að kaupa stakan þátt, annálarnir voru gífurlega vinsælir bæði á Stöð 2 og Vísi og á fjórða tug Pallborða voru í beinni útsendingu á Vísi þar sem farið var yfir heitustu fréttamálin.

Nýtt fréttasett var frumsýnt í lok árs og um leið fjölgaði gestum í setti margfalt. Nú kemur viðmælandi í mynd-ver í meirihluta fréttatíma og Pallborðið nýtur sín enn betur. Fréttastofa sló met í tilnefningum á árinu með fjórum tilnefningum til Blaðamannaverðlaunanna og tveimur til Edduverðlauna. Tvenn verðlaun komu í hús þetta árið sem er frábær árangur.

Vísir var vinsælasti vefur ársins þriðja árið í röð með 214 þúsund daglega gesti. Þáttagerð á Vísi blómstraði með nýjum liðum og fjórir Kompásþættir voru sýndir sem vöktu mikla athygli.

Árið 2023 einkenndist af hröðum fréttaflutningi, viðbragði fréttastofu við stórum viðburðum innanlands sem utan og má með sanni segja að fréttastofan hafi alltaf verið á vaktinni.





# STÖÐ 2 SPORT

Mikill stöðugleiki hefur verið í áskriftum að Stöð 2 Sport en stefnan er að það séu að jafnaði um 20.000 manns í áskrift. Lögð er sérstök áhersla á að vera með öfluga íslenska umfjöllun um íþróttir. Á innlendum vettvangi er afar ítarleg umfjöllun um fótbolta og körfubolta sem tvinnast vel við þá mikla flóru erlendra íþrótta sem Stöð 2 Sport sýnir.

Stöð 2 Sport framleiðir mikið af eigin efni, hvort sem er beinar útsendingar frá leikjum á innlendum vettvangi eða umfjöllunar- og uppgjörsþætti.

Stöð 2 Sport framleiddi meira en 600 beinar útsendingar frá íslenskum íþróttaviðburðum á síðasta ári. Sýnt var beint frá fótbolta, körfubolta, handbolta, tennis, pílukasti, keilu og hnefaleikum. Þá var einnig fjöldi beinna útsendinga frá íslenskum rafíþróttum á Stöð 2 Esport.

Meira en 200 umfjöllunarþættir voru framleiddir um íslenskar íþróttir og á annað hundrað þættir um erlendar íþróttir.

Erlendar íþróttir gegna einnig veigamiklu hlutverki á Stöð 2 Sport þar sem evrópskur fótbolti er fyrirferðarmikill. Þá eru einnig reglulega útsendingar frá tveimur stærstu atvinnumannadeildunum, NFL og NBA, sem og stærstu golfviðburðum heims, bæði hjá körlum og konum.

Efnisveita Stöðvar 2 Sports hefur verið í stöðugri þróun. Beinar útsendingar eru nú aðgengilegar á forsíðu og upptökur af þáttum, leikjum og helstu atvikum leikja eru aðgengileg fyrir áskrifendur hvenær sem er.

Stöð 2 Sport hefur sinnt heimildaþáttagerð af miklum metnaði og unnið til Edduverðlauna fyrir þættina „Jón Arnór“ og „Víkingar: Fullkominn endir“. Mörg metnaðarfull verkefni eru í vinnslu og verða nýjar þáttaraðir sýndar á haustmánuðum.




PURE
-DELI-
13

# ÍÞRÓTTIR

Megináhersla og markmið íþróttadeildar er að bjóða upp á hágæða fréttaflutning og umfjöllun um íþróttir á íslensku, hvort sem er innlendar eða af alþjóðlegum vettvangi. Á árinu var af nógu að taka, enda mikill fjöldi viðburða í beinni útsendingu og fjölmargir þættir framleiddir, hvort sem er umfjöllunarþættir eða heimildaþættir.

Sérstakt ánægjuefni var að bjóða íslenska karlalandsliðið í fótbolta velkomið heim á Stöð 2 Sport um mitt síðasta ár þegar samningar tókust á milli Sýnar hf. og Viaplay Group um að Stöð 2 Sport tæki yfir sýningarrétt leikja íslenska landsliðsins. Leikirnir voru í opinni dagskrá þökk sé einkar farsælu samstarfi við auglýsendur og mældust útsendingarnar með mjög mikið áhorf hjá íslensku þjóðinni. Það er bjart fram undan hjá íslenska landsliðinu og verður áhugavert að fylgjast með næstu verkefnum liðsins. Í mars kemur í ljós hvort Íslandi takist að tryggja sér þátttökurétt á EM 2024 í Þýskalandi.

Á síðasta ári voru allir leikir Bestu deilda kvenna og karla sýndir í beinni útsendingu með lýsingu. Um gríðarlega metnaðarfullt verkefni var að ræða enda í fyrsta sinn verið að taka það skref að lýsa öllum leikjum í beinni útsendingu. Það heppnaðist vel og hlaut góðar viðtökur áskrifenda. Snemma árs 2024 var beinum útsendingum fjölgað í Subway deildunum í körfubolta og er markmiðið að gera slíkt hið sama fyrir íslenskan körfubolta áður en langt um líður.

Efnisveita Stöðvar 2 Sports heldur áfram að stækka og þjónusta okkar vörur. Síðast-liðið sumar var mjög fjölbreytt framboð af myndböndum fyrir hvern leik í Bestu deildum karla og kvenna sem var aðgengilegt öllum stundum fyrir áskrifendur.

Mikill fjöldi umfjöllunarþátta um íslenskar og erlendar íþróttir voru framleiddir á árinu um íslenskan fótbolta, handbolta og körfubolta, Meistaradeild Evrópu, ensku bikarkeppnina sem og bandarísku NFL- og NBA-deildirnar.

Annað árið í röð var stærsta útsending Stöðvar 2 Sports árinu frá oddaleik Vals og Tindastóls í lokaúrslitum Íslandsmóts karla í körfubolta. Annað árið í röð var áhorfsmet frá íslenskum íþrótta-leik slegið hjá Stöð 2 Sport en umgjörð, umtal og umfjöllun um leik liðanna þann 18. maí 2023 var meiri en nokkru sinni fyrr þegar um innlendan íþróttaviðburð er að ræða.




SPORT
SPORT
SUBWAY





# VEFMIÐLAR OG ÚTVARP

# VÍSIR

## FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Þriðja árið í röð var Vísir vinsælasti vefur landsins þegar horft er til meðalfjölda vikulegra notenda, og mest lesni vefurinn 33 af 52 vikum ársins, samkvæmt netmiðlamælingum Gallup. Á árinu voru daglegir gestir á Vísi rúmlega 214 þúsund og er Vísir sérstaklega sterkur miðill meðal yngri lesenda. Á Vísi má finna mjög fjölbreytt efni. Auk öflugrar fréttaþjónustu í almennum fréttum, dægurmálum og íþróttum er Vísir vinsælasti vettvangur fjölmiðla fyrir aðsendar greinar. Einnig má þar finna allt efni sem framleitt er af útvarpssviði Sýnar og hlaðvarpsveitunni Tal.

Á árinu var mikil aukning í framleiðslu þátta fyrir vefinn. Þættir á borð við Einkalífið, Kúnst, Okkar Eigið Ísland, Skreytum hús, Tork-gaurinn, RAX augnablik, Pallborðið, Helvítis kokkurinn og fleiri héldu áfram göngu sinni á árinu. Nýir þættir litu einnig dagsins ljós, s.s. Jógastaða vikunnar, Veiðin með Gunnari Bender og Jólasaga með Dóru Júlíu. Sjónvarpshluti Vísis hefur aldrei verið vinsælli enda eru þar hátt í 300 þúsund klippur sem eru spilaðar á sjónvarpsstöðinni Stöð 2 Vísi allan sólarhringinn.



# JÁ - ER SVARIÐ!

Í október 2023 gengu í gegn kaup Sýnar á móðurfélagi Já hf. Já er rótgróið vörumerki og er Já.is einn af mest heimsóttu vefmiðlum landsins með um hálfa milljón notenda á mánuði. Þangað leita einstaklingar til að finna upplýsingar um fólk, fyrirtæki og vörur.

Með kaupunum skapast tækifæri til þróunar á þjónustu og vörum sem geta styrkt bæði Já og aðra vefmiðla Sýnar, auk þess sem þekking og reynsla nýtist á báða bóga.

Stórt verkefni hjá Já á árinu var að þróa áfram sjálfsafgreiðslu-kerfi sem er aðgengilegt á Já.is, Mitt Já, þar sem bæði einstaklingar og starfsfólk fyrirtækja geta nú skráð upplýsingar, keypt bætta ásýnd á Já.is og nálgast tölfræði um sínar ásýndarleiðir og vörur. Kerfinu fylgja áfram-haldandi tækifæri, hvort tveggja til bættrar þjónustu við notendur og viðskiptavini Já sem og til tekjuöflunar með snjöllum lausnum.



# BLAND.IS

## GEFUM HLUTUM FRAMHALDSLÍF

Á árinu 2023 var gengið frá kaupum á vefmiðlinum og sölutorginu Bland.is, sem áður var þekkt sem Barnaland.is. Í hverjum mánuði innskrá um 25 þúsund einstaklingar sig á Bland.is og skrá mikinn fjölda smáauglýsinga. Þúsundir Íslendinga gera því þar góð kaup á nýjum og notuðum vörum. Styður þjónustan þannig við hringrásarhagkerfið sem fellur vel að sjálfbærnistefnu félagsins. Tækifæri eru til samlegðar með vörum og þjónustum Sýnar sem nýtt verða til frekari vaxtar markaðstorgsins.



# ÚTVARP
## EITTHVAÐ FYRIR ÖLL

Útvarpsstöðvar félagsins hafa verið í stórsókn á árinu og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá að venju. Samanlagt ná stöðvar félagsins til 89% landsmanna í hverjum mánuði, samkvæmt rafrænum ljósvakamælingum Gallup. Við leggjum mikið kapp á að bjóða upp á fjölbreytt úrval tónlistar og umfjöllunar í bland við fréttir og því ætti hver einasti Íslendingur að finna eitthvað við sitt hæfi.

Á árinu voru margir eftirminnilegir viðburðir haldnir með farsælu samstarfi auglýsingadeildar, dagskrárgerðarfólks og markaðsfólks, þar sem hlustendur fengu meðal annars tækifæri til að heyra lifandi tónlist og hitta dagskrárgerðarfólkið okkar. Líkt og fyrri ár ferðaðist Bylgjulestin um landið yfir hásumarið og þá fóru Bylgjan, FM957 og X977 einnig í hringferð um landið á fjórum dögum í leiknum Leikið um landið og kepptu sín á milli í hinum ýmsu þrautum. Hlustendaverðlaunin voru á sínum stað og FM957 kom, sá og sigraði Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þar sem stemningin var rífandi og dagskrá stöðvarinnar lifandi í takt við hátíðarhöldin. X977 krýndi á ný Iðnaðarmann ársins, hörkuspennandi keppni sem fer fram bæði á Vísi.is og að sjálfsögðu í loftinu á X-inu, en það var gull- og silfursmiðurinn Harpa bar sigur úr bítum á síðasta ári.

Allar stöðvarnar eru í mikilli sókn í sínum markhópum og kappkosta við að sinna faglegri, traustri og fjölbreytilegri umfjöllun um hvaðeina sem snertir íslenskt samfélag, allt frá tónlistarumfjöllun upp í hápólitísk þjóðmál.



# TAL

## HLAÐVARPSHEIMUR



Hlaðvarpsveitan Tal hélt áfram að dafna á árinu og býður bæði upp á áskriftarhlaðvörp og hlaðvörp sem eru öllum opin. Ný gerð auglýsinga var einnig sett í loftið á árinu, þar sem auglýsendum gefst kostur á að kaupa ákveðinn fjölda auglýsingabirtinga sem dreift er á mörg mismunandi hlaðvörp.

Blökastið er, líkt og fyrra ár, eitt allra vinsælasta áskriftarhlaðvarp landsins. Meðal annarra vinsælla áskriftarhlaðvarpa er fótboltahlaðvarpið Þungavigtin auk þess sem tilkynnt var um endurkomu Tvíhöfða í upphafi árs.

Eitt af markmiðum Tals á árinu var að styðja enn betur við opin hlaðvörp með bættum innviðum og aukinni framleiðslu, en Tal kemur að framleiðslu fjölda hlaðvarpa í opinni dagskrá. Meðal annars var framleidd önnur sería af hlaðvarpinu Eftirmálum, sem vakti verðskuldaða athygli.

Gott ár er í vændum því áfram verður haldið að kynna lausnir sem styðja betur við opin ný hlaðvörp, ásamt fleiri skemmtilegum nýjungum og uppátækjum í hlaðvörpum Tals.





# FJARSKIPTI FYRIR FRAMTÍÐINA

# HJARTAÐ Í VODAFONE



Vodafone er tækni- og þjónustudrifið vörumerki sem gerir yfir hundrað þúsund Íslendingum kleift að tengjast á hverjum degi bæði í leik og starfi. Ánægja og tryggð viðskiptavina skiptir öllu máli og slær rauða hjartað í Vodafone alla daga fyrir því að einfalda líf viðskiptavina. Vodafone nýtir tæknina til góðs og hefur þannig raunveruleg áhrif á samfélagið. Vodafone hefur metnað fyrir því að ná árangri og stöðugt er unnið að umbótum og framþróun til að ná þeim markmiðum sem hafa verið sett. Framúrskarandi upplifun viðskiptavina er ávallt í forgrunni.

Starfsfólk Vodafone hefur mikla þekkingu og reynslu í fjarskiptum. Vodafone er eitt þekktasta vörumerki heims en vörumerkjaþekking Vodafone á Íslandi mælist 100% meðal almennings á Íslandi og um 83% landsmanna telja sig þekkja Vodafone vel eða mjög vel. Myndmerki Vodafone og myndheimur um allan heim er mikill aðgreiningarþáttur og auðþekkjanlegur. Myndheimurinn er raunverulegur, fjölbreyttur, rauður og hlýr. Vodafone á Íslandi er hluti af Vodafone Group sem veitir félaginu tækifæri til þekkingaröflunar ásamt aðgengi að þekkingarríku starfsfólki í fjarskiptum og tækni um allan heim, sem skapar gríðarlegt samkeppnisforskot. Áhersla er lögð á að skapa stafrænt samfélag þar sem öll geta tekið þátt óháð félagslegri og efnahagslegri stöðu, aldri og kyni. Stafræn tækni er því nýtt til að efla þjónustu við alla landsmenn og skapa bætta upplifun á öllum snertiflötum.

Sem rótgróið vörumerki hefur Vodafone þroskast í takt við tímann og tekið miklum umbreytingum, sérstaklega

síðastliðið ár. Sett hafa verið af stað fjölmörg verkefni til að styðja við þessa vegferð ásamt því að ferlar hafa verið einfaldaðir og fjöldi tækniverkefna hafa verið sett af stað fyrir fyrirtækið, fyrir samfélagið og í þágu umhverfisins.

## Einfaldari þjónusta

Grundvölllur þess að byggja upp sterkt vörumerki er ánægt starfsfólk sem síðan stuðlar að ánægju viðskiptavina. Megináherslur Vodafone eru að vera leiðandi í tækni, veita framúrskarandi þjónustu og upplifun, skapa frábæran vinnustað og stuðla þannig að betra samfélagi.
Oft er talað um rauða hjartað innan Vodafone, en rauða hjartað brennur fyrir því að skapa betri upplifun fyrir viðskiptavini og margar hugmyndir að bættri upplifun byrja eftir samtöl þvert á deildir.
Í þjónustustefnu Vodafone er lögð rík áhersla á að hlusta á viðskiptavini og leita leiða til að fara fram úrvæntingum þeirra.
Á árinu 2023 var unnið að fjölmörgum verkefnum til að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu upplifun á þjónustu Vodafone. Með gæði að leiðarljósi hefur Vodafone lagt mikla áherslu á að tryggja viðskiptavinum besta mögulega endabúnað (e. router) og burðarlag. Ánægja viðskiptavina hefur aukist jafnt og þétt allt árið samkvæmt rauntíma NPS mælingum félagsins.
Meðmælaskor (NPS) viðskiptavina Vodafone fer ört vaxandi á milli ára samkvæmt markaðsrannsóknafyrirtækinu Prósent.





# Snjallheimsókn

Eftir ítarlega rýni á þjónustumælingum um netgæði á íslenskum heimilum og áskoranir viðskiptavina við hámörkun á netgæðum inni á heimilinu þróaði starfsfólk Vodafone nýja þjónustuleið, Snjallheimsókn, þar sem viðskiptavinir geta pantað snjallhetjur frá Vodafone heim til þess að besta netgæði heimilisins. Heimili landsmanna geta verið mjög mismunandi í hönnun og gerð ásamt því að þarfir íbúa og búnaður er fjölbreyttur. Með Snjallheimsókn greina tæknisérfræðingar Vodafone netgæði í öllum rýmum heimilisins, skoða og uppfæra búnað ef þess þarf og svara stórum og smáum spurningum. Viðskiptavinir fá ítarlega skýrslu um netgæðin og ráð til úrbóta ef þess er þörf. Fleiri hundruð heimili hafa fengið Snjallheimsókn á höfuðborgarsvæðinu og ánægja viðskiptavina mælist 4,85 af 5 mögulegum ásamt því að 96% viðskiptavina segjast munu mæla með Snjallheimsókn við aðra. Áform eru um að opna fyrir þjónustuna á Akureyri og fleiri stöðum á landsbyggðinni bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Þetta hafa viðskiptavinir að segja um heimsóknir frá Snjallhetjum Vodafone:

„Framkoma og áhugi tæknimannanna til fyrirmyndar.“

„Tæknimennirnir voru frábærir í alla staði, fóru yfir allt hjá mér og græjuðu á staðnum allt sem þurfti að laga, ég er mjög ánægð með heimsóknina.“

„Lipur og fagleg þjónusta - redduðu mér strax rafmagnsmanni sem kom strax og græjaði og mættu svo með réttan búnað. Vandamálið úr sögunni og við alsæl með netið á heimilinu Takk fyrir okkur og konfektið var punkturinn yfir i-ið :)“

„Tveir dásamlegir piltar, sem leystu vandamálin upp á tíu!“

„Persónuleg þjónusta og allar tímasetningar stóðust“


3%
97%
viðskiptavina gefa Snjallheimsókn
5 í einkunn af 5 mögulegum



## Allt er upplifun

Vodafone fór nýjar leiðir á árinu til að tryggja góða stafræna upplifun. Á árinu var Vodafone fyrst íslenskra fjarskiptafélaga til að kynna til leiks 10xOfurhraða sem er 10 sinnum meiri hraði á nettengingu til heimila. 10xOfurhraði er skref inn í framtíðina fyrir heimili og fyrirtæki sem vilja enn meiri hraða og bætta upplifun með ljósleiðaratengingu. Heimili í dag ná allt að 1 gígabita hraða á sekúndu með ljósleiðara en með þessari nýju tengingu getur sá hraði orðið tífaldur eða 10 gígabit. Samhliða 10xOfurhraða opnaði Vodafone fyrsta háhraða herbergi Íslands í Arena Gaming með það að markmiði að styrkja sambandið við þann markhóp þar sem nethraði og netgæði skipta hvað mestu máli. Einnig tengdist Vodafone DE-CIX í Frankfurt sem er stærsta skiptistöð internets umferðar í heiminum á árinu. Þessi nýja tenging mun efla netgæði og flutningshraða til og frá landinu til muna og efla enn frekar þjónustu við notendur sem þurfa öflugan svartíma eins og t.d. leikjaspilara.

Ný upplifunarverslun var opnuð á Glerártorgi á Akureyri þar sem stafræn upplifun og hringrás fjarskiptatækja er höfð að leiðarljósi. Öll hönnun á framsetningu á búnaði tengdum fjarskiptum, heimilinu og afþreyingu var hugsuð með endurgjöf viðskiptavina að leiðarljósi. Verslunin er búin sex skjám þar á meðal stærsta hringskjá landsins í loftinu sem táknar hringrás fjarskiptatækja. Skjávirknin einfaldar miðlun til viðskiptavina og lágmarkar sóun sem fer í að prenta út merkingar.

Ný vefsíða Vodafone leit dagsins ljós á árinu en við hönnun á nýja vefnum var hugað að því að sjálfvirknivæða ferla. Viðskiptavinir geta nú valið þjónustuleiðir eftir áhugamáli og þörfum eins og stærð fjölskyldu og fjölda barna.

Skemmtilegheitin voru keyrð upp með nýrri ímyndaherferð Sjáðu Rautt - það er skemmtilegra. Hugmyndin að herferðinni varð til eftir samtöl við starfsfólk og viðskiptavini. Samhliða herferðinni opnaði Vodafone á Spotify og gaf út nýtt lag - Ég sé rautt. Lagið náði á topplista útvarpsstöðva.

Jólin voru líka rauð á árinu en



Vodafone umbreytti strætóskýli við Kringlumýrarbraut í Reykjavík í rauða jólastofu til að gleðja fólk á ferðinni ásamt því að minna fólk á að jólaundirbúningur getur verið afslappaður og huggulegur. Stofan var fullbúin, upphituð og með tengdu sjónvarpi sem spilaði jólamyndir af Vodafone Leigunni.

## Meira nýtt og meiri skemmtun

Árið 2023 einkenndist af hraðri vöruþróun með fjölmörgum nýjungum í vöruframboði og enn þá meiri skemmtun. Vörur og þjónustuleiðir voru þróaðar með það að leiðarljósi að gefa viðskiptavinum meira val og fjölbreytni þegar kemur að fjarskiptum og afþreyingu. Sem dæmi má nefna nýja áskriftar-pakka með net og afþreyingu, 10xOfurhraða, VoWifi (Voice over Wifi), eSim í úr og síma - Eitt númer í mörg tæki og Snjallheimsókn.

Gerður var víðtækur samningur við Viaplay Group á árinu sem fól í sér einkarétt á sölu á vörum Viaplay með vörum Vodafone og Stöðvar 2. Allir áskriftar-pakkar Vodafone fengu Viaplay streymisveituna ásamt því að fá aðgengi að nýrri línulegri sjónvarpsrás, Vodafone Sport. Á sjónvarpsrásinni eru helstu viðburðir af sporti á Viaplay sýndir þar sem áhersla er lögð á að færa viðskiptavinum framúrskarandi upplifun og hágæða sjónvarpsefni á betra verði.

## 5G allan hringinn

5G uppbygging Sýnar lék áfram stórt hlutverk árið 2023 eins og fyrri ár. Alls hafa 140 5G sendar verið settir upp til að tryggja farmúrskarandi nettengingar fyrir viðskipta-vini Vodafone og stefnt er að því að þeir verði orðnir 200 í árslok 2024. 5G samband næst nú í 55 bæjarfélögum, ásamt helstu sumarhúsasvæðum á landinu. Sífellt fleiri viðskipta-vinir Vodafone velja einfald-leikann sem 5G býður upp á. Þessi nýja tækni býður upp á enn meiri hraða og stöðugleika í nettengingum sem hentar fyrirtækjum, einstaklingum og heimilum. Á ýmsum stöðum þar sem tengimöguleikar voru takmarkaðir áður, hefur uppbygging 5G kerfisins stór-



bætt sam-band og hefur upplifun og endurgjöf viðskiptavina Vodafone verið gríðarlega jákvæð. Fjarskiptastofa kynnti niðurstöður úr rannsókn þar sem gæðaprófanir á farsímakerfum á Íslandi voru skoðaðar. Þýska sérfræðifyrirtækið Rohde &

Schwars sá um framkvæmdina á gæðaprófuninni. Niðurstöður prófana sýndu að þau svæði sem hafa 5G tengingar skila betri farsímagæðum og mældist Vodafone með framúrskarandi einkunn í dekkun og gæðum á 5G.

## Voda gott samband

Viðskiptavinir nutu áfram góðs af alþjóðlegum samningum Vodafone á ferðalögum um allan heim og hringdu heim til Íslands frá yfir 140 löndum árið 2023. Áhersla hefur verið lögð á að þétta 5G reiki erlendis og undir árslok gátu viðskiptavinir notað 5G hjá 105 erlendum fjarskiptafélögum í 62 löndum. Jafnframt bættist í VoLTE (e. Voice over Long-Term Evolution) reiki opnanir erlendis og gátu viðskiptavinir hringt VoLTE símtöl hjá 18 erlendum fjarskiptafélögum í 16 löndum. VoLTE eykur gæði símtala (háskerpusímtal) en er jafnframt nauðsynlegur þáttur til að hefðbundin símtöl geti átt sér stað eftir að slökkt hefur verið á 2G og 3G kerfum fjarskiptafélaga.
Á árinu 2023 var viðskiptavinum boðið að bæta símasamband með VoWifi sem tryggir enn stöðugra samband fyrir viðskiptavini Vodafone. Með VoWifi er hægt að hringja þó svo að farsímamerki sé slæmt eða ekki til staðar. VoWiFi kemur þannig til hjálpar á heimilum þar sem skuggasvæði myndast í farsímamerki, t.d. í kjallara. Eins er hægt að hringja símtöl úti á sjó og í flugvélum sé þráðlaust net til staðar.

## Öflug fyrirtækjaþjónusta

Þjónusta fyrirtækjasviðs Vodafone snýr að því að styðja við þarfir og markmið fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins. Ríflega 7.000 fyrirtæki treysta Vodafone fyrir fjarskiptum sínum og má þar nefna marga af þeim aðilum sem sinna öryggis- og neyðarþjónustu á Íslandi eins Neyðarlínuna, Landsbjörg, Ríkisútvarpið, Landhelgisgæsluna, Securitas, Landspítalann og Vegagerðina. Þessi fyrirtæki gera miklar kröfur um gæði, öryggi og góða þjónustu sem er Vodafone mikil hvatning um að vera ávallt í fremstu röð. Leiðarljósið í samstarfi Vodafone og viðskiptavina eru góð samskipti með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Brottfall á fyrirtækjamarkaði er mjög lítið og var árangur í endurnýjuðum samningum framúrskarandi á árinu 2023. Um 90% af stærstu





fyrirtækjum í viðskiptum eru með langtímasamning við fyrirtækið. Það er stefna Vodafone að vera í fararbroddi á fjarskiptamarkaði. Lögð er mikil áhersla á að greina þarfir markaðarins með nýsköpun og vöruþróun í fyrirrúmi. Það er mikill styrkur fyrir Vodafone að vera í alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group og á þann hátt gefst viðskiptavinum kostur á ráðgjöf á alþjóðamörkuðum og við nýsköpun sem hefur reynst vel og skapað ný tækifæri.

Árið 2023 var áhersla lögð á fræðslu til fyrirtækja með fjölda fræðsluviðburða og fræðandi efnis um tækni. Yfir hundrað gestir frá fyrirtækjum í þjónustu hjá okkur mættu á viðburð um netöryggi. Eins var haldinn fjölsóttur viðburður fyrir konur í tækni á vegum Vertonet sem er hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni.

Hlaðvarp Vodafone, Vodcastið fór í loftið á árinu og þar var meðal annars fjallað ítarlega um IoT tæknina og sjálfbærnitækifæri sem skapast með tækninni.



## Tæknin fyrir umhverfið

Framþróun fjarskipta hélt áfram með uppsetningu á nýjum dreifikerfum NB-IoT (e. Narrowband-Internet of Things) og LTE-M (e. Long-Term Evolution Machine Type Communication) sem leysa munu 2G og 3G af hólmi. Þessi nýju dreifikerfi spara orku og draga lengra en eldri tækni gerir og eru því hagkvæmari fyrir samfélagið og umhverfið.

IoT tæknin var nýtt í fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við viðskiptavini til að lágmarka umhverfisleg árif. Til dæmis með því að nota IoT snjallkort í ruslatunnur og grenndargáma og þannig lágmarka akstur og umhverfisáhrif af akstri með ítarlegum mælingum á notkun. Einnig var IoT tækni notuð í ljósastaura á höfuðborgarsvæðinu með orku- og umhverfissparnaði upp á allt að 40% frá því tæknin var tekin í notkun.

IoT snjallkortin eru endurvinnanleg og með lengri líftíma en hefðbundin kort, en gert er ráð fyrir að þau endist í tækjum í allt að 15 ár.

Vodafone styður við hringrásarkerfið og átti áfram í farsælu samstarfi við Foxway og tók

á móti gömlum raftækjum í gegnum verkefnið Notað upp í nýtt. Þannig geta viðskiptavinir Vodafone komið með gömul raftæki í verslun og fengið inneign í staðinn. Starfsfólk Vodafone tekur við tækjunum og sendir þau í endurvinnsluferli hjá Foxway þar sem þau eru yfirfarin og annað hvort endurnýtt eða fargað á réttan hátt. Fyrirhugað er að hefja sölu á notuðum símum og þannig klára hringrásaferlið.

## Einföldum lífið

Hlutverk Vodafone er að einfalda líf viðskiptavina með tækni fyrir framtíðina. Öll sem eitt vinnur starfsfólk daglega að því að skapa betri upplifun fyrir viðskiptavini með hámarksnýtingu á tækni og leitar leiða til þess að einfalda vörur og þjónustur. Við getum svo sannarlega verið stolt af árangri okkar á árinu og erum með metnaðarfull markmið fyrir árið 2024 sem að koma til með að einfalda líf okkar viðskiptavina enn frekar.






vodafone



# MIKILVÆGIR INNVIÐIR

Félagið hefur á síðustu tveimur áratugum byggt upp öflugt fjarskiptakerfi sem nær til meginþorra landsmanna. Innviðir, dreifikerfi fastlínu, farsíma, sjónvarps og útvarps er byggt á útstöðvum, sendum, miðlægum búnaði og flutningskerfum.

Innviðir félagsins tryggja samkeppnishæfni og framlegð á fjarskiptamarkaði. Öll kerfi félagsins eru vöktuð allan sólarhringinn af stjórnborði sem einnig vaktar kerfi Neyðarlínunnar og annarra fjarskiptafélaga. Sýn tryggir þannig viðskiptavinum félagsins örugga, síma-, internet- og gagnaflutningsþjónustu til og frá landinu.

## Afhending á stofnneti Sýnar og næstu skref

Þann 5. september 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samkomulag um einkaviðræður um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar, sem hefur verið í uppbyggingu síðustu 22 árin, ásamt helstu skilmálum samninga um langtíma þjónustusamning milli félaganna.

Þann 4. október 2023 fór fram afhending Sýnar á stofnnetinu til Ljósleiðarans. Virkur búnaður var afhentur og átta sérhæfðir starfsmenn færðust til í starfi, en reiknað er með að yfirfærsla og full virkni samnings taki um 12 mánuði. Þessi einföldun á rekstri innviða Sýnar skilar sér í lægri fjárfestingaþörf og lægri rekstrarkostnaði til framtíðar.

Með sölunni er stuðlað að uppbyggingu og rekstri á öflugu fjarskiptaneti fyrir innanlandsþjónustu og þjónustu um internettengingar til útlanda. Lögð verður áhersla á hágæða fjarskiptaþjónustu með öflugum tæknibúnaði og mikilli flutningsgetu. Í samstarfi við Ljósleiðarann mun geta Sýnar í gagnaflutningi tífaldast fyrir lok 2024.

## Internettengingar til útlanda

Breytingar voru gerðar á internettengingum Sýnar til útlanda. Fjarskiptastrengurinn Íris var tekinn í notkun árið 2023 til viðbótar við sæstrengina til Danmerkur og Skotlands en hann eykur fjarskiptaöryggi til Íslands með beinni tengingu við Írland.

Í framhaldi var tveimur nýjum tengipunktum bætt við í Evrópu, Dublin og Frankfurt. Fyrir voru tengipunktar í Kaupmannahöfn, London og Amsterdam. Á þennan hátt er verið að auka öryggi og efla internettengingu til útlanda.

## 5G uppbygging

5G uppbygging Sýnar hófst með krafti árið 2022 og hafa tæknimenn félagsins nú gangsett 140 5G senda í 55 bæjarfélögum. Á árinu 2024 er stefnan sett á að fjöldi 5G senda verði um 200 í 65 bæjarfélögum, eða um 30% af sendastöðum Sýnar. Í árslok 2023 var Sýn með 125 5G reikisamninga við erlend fjarskiptafélög og 5G þjónustu í 62 löndum. Sýn er með metnaðarfullar áætlanir og er leiðandi á íslenskum markaði í 5G þjónustu bæði innanlands og erlendis.

## Hvað er 5G?

5G er næsta kynslóð farneta, þessi kynslóð hefur verið kölluð net iðnaðarins og er í raun límið í fjórðu iðnbyltingunni, forsenda fyrir því að ótal nettengdir hlutir og kerfi geti sent gögn sín á milli á leifturhraða. 5G byggir á hagkvæmari og umhverfisvænni búnaði. Þannig er búnaður sem notaður er í 5G (t.d. sendabúnaður) orkusparandi og minni um sig og fellur þannig betur að umhverfinu. 5G er öruggara en fyrri farnet eins og 3G og 4G.
Í uppbyggingu á 5G var mikil vinna lögð í að auka öryggi í vinnslu staðla. Meiri dulkóðun á gögnum er í 5G og því er erfiðara að rekja og eiga við tengingar. 5G byggir meira á hugbúnaði í skýinu sem gefur meiri möguleika á að fylgjast með mögulegum ógnum.
Með 5G býðst stóraukinn hraði, talinn í gígabitum á sekúndu (Gbps) og mun styttri tengitími. Hægt er að þjónusta 1.000.000 tengd tæki á hverjum ferkílómetra miðað við 200 tengd tæki á 4G, en tækin biðja um gögn og fá þau í sömu andrá. Þá býður 5G upp á mun meiri bandbreidd en fyrri tækni. Ennfremur eru tengingarnar mun öruggari og áreiðanlegri en nú þekkjast.
Allt er þetta forsenda aukinnar sjálfvirknivæðingar til dæmis í verksmiðjum, landbúnaði og öðrum iðnaði. 5G tæknin mun einnig hafa mikil áhrif á heilbrigðisþjónustu, hvort sem um er að ræða snjallvæðingu sjúkrahúsa, fjarhjúkrun og jafnvel fjaraðgerðir. 5G gegnir þannig lykilhlutverki í samskiptum milljarða tengdra hluta en sú þróun er þegar komin vel á veg. Þá mun 5G gera sjálfkeyrandi bílum, flygildum og vélmennum kleift að fá þær upplýsingar sem þau þurfa um umhverfi sitt nógu hratt og örugglega til að geta forðast árekstra og óhöpp, nánast í rauntíma.

## Ný tækni skapar ótal ný tækifæri til framþróunar

Hraðar umbreytingar í fjarskiptum hafa opnað á ný tækifæri fyrir fyrirtæki til að nýta lausnir sem skapa langvarandi virði bæði fyrir eigin rekstur og samfélagið í heild. Viðskiptavinir hafa tekið landsdekkandi NB-IoT og LTE-M fjarskiptakerfum félagsins opnum örmum og nýta nú tækni sem getur enst í áratug eða lengur. Þessar lausnir eiga það sameiginlegt að nýta bæði minni aðföng og auðlindir, á þann hátt eru þær hagkvæmar í rekstri og umhverfisvænni.
Snjallmælar Veitna nýta NB-IoT kerfi félagsins þar sem þeir þurfa minna rafmagn, eru með lengri drægni og líftíma en áður, eða allt að 18 ár. Einnig eru veitufyrirtæki farin að nýta NB-IoT til að fylgjast með vatnslekum í veitukerfum sínum í þeim tilgangi

að geta brugðist skjótt við vatnsleka. Þessir skynjarar eru staðsettir á stöðum þar sem aðgengi er erfitt. Því er mikilvægt að fjarskiptamerki skili sér vel ásamt löngum endingartíma á rafhlöðu til að fækka þjónustuferðum eins og hægt er. Þá má nefna að sveitarfélög hafa verið að taka upp skynjara fyrir sorphirðu. Þannig má draga úr akstri vegna sorplosunar og þar með hafa jákvæð áhrif á kolefnislosun og minnka umferðarálag.

Unnið er hörðum höndum við útfösun á 2G og 3G tækni og stefnir Sýn á að vera búið að slökkva á 2G í lok 2024 og 3G í lok þriðja ársfjórðungs 2025.

Unnið er að endurnýtingu á tíðnum sem hafa verið notaðar fyrir 2G/3G og fyrir 4G/5G.

Vorið 2023 fékk Sýn úthlutað tíðniheimildum fyrir farnet til næstu 20 ára.





# ÞJÓNUSTU-
# KANNANIR

Þjónustukannanir eru framkvæmdar með markvissum hætti innan félagsins meðal viðskiptavina Vodafone og Stöðvar 2, með almennum könnunum, í kjölfar samskipta viðskiptavina við framlínu félagsins og eftir heimsóknir frá Snjallhetjum Vodafone og þriðja aðila.

Markmiðið með þjónustukönnunum er að bæta þjónustu til viðskiptavina í rauntíma en góðir verkferlar tryggja eftirlit með einstaka svörum sem gefur félaginu tækifæri á að bregðast við þeim ábendingum sem viðskiptavinir koma með. Auk þess sem unnið er í úrbótum út frá heildarniðurstöðu þjónustukannana.

sýn

# BROT AF ÞVÍ BESTA





# 147 MILLJÓNIR

## SÖFNUÐUST Í SÖFNUNARÞÆTTI GRENSÁS

Í október var þjónustuveri Vodafone umbreytt fyrir söfnunarþátt Grensás í samstarfi við RÚV. Útsendingin fór fram hjá RÚV í Efstaleiti og í þjónustuveri Vodafone að Suðurlandsbraut 8. Vodafone sá söfnuninni fyrir öruggri fjarskiptaþjónustu við áheitasöfnunina sem fór fram í gegnum síma eða með sms. Öll lögðust á eitt og 147 milljónir söfnuðust til Grensás sem sér um endurhæfingu fólks sem hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum vegna slysa eða sjúkdóma.





# 140 5G SENDAR

## UM ALLT LAND

5G uppbygging Sýnar lék áfram stórt hlutverk árið 2023 eins og fyrri ár. Alls hafa 140 5G sendar verið settir upp til að tryggja farmúrskarandi nettengingar fyrir viðskiptavini Vodafone og verður fjöldinn orðinn 200 sendar í árslok 2024.

# VODAFONE SPORT Í LOFTIÐ

Viaplay og Sýn gerðu með sér tímamóta samstarfssamning á árinu. Hluti af samningnum er ný línuleg sjónvarpsrás og einkaréttur Sýnar til að selja Viaplay vörur í áskriftarpökkum Vodafone og Stöðvar 2. Það var mikið ánægjuefni að kynna viðskiptavinum nýja línulega sjónvarpsrás Vodafone Sport þar sem allt það besta frá Viaplay Sport er sýnt hverju sinni.

# VODAFONE

## TILNEFNT SEM BESTA ALÞJÓÐLEGA VÖRUMERKIÐ Á ÍSLANDI

Vodafone var eitt fimm fyrirtækja sem hlaut tilnefninguna besta íslenska vörumerkið árið 2023 í flokki alþjóðlegra vörumerkja á Íslandi. Vörumerkjastofan Brandr stendur fyrir verðlaununum en útnefningu hljóta þau vörumerki sem skara fram úr þegar horft er til stefnumiðaðrar vörumerkja-stýringar.






# HLUSTENDA-VERÐLAUNIN

Hlustendaverðlaunin voru haldin með pompi og prakt í Háskólabíói í tíunda skipti. Verðlaunahátíðin hefur sýnt og sannað hversu mikilvægt það er fyrir íslenskt tónlistarfólk að fá stuðning og viðurkenningu frá hlustendum sínum.




# VÍSIR 25 ÁRA

Vísir bauð til heljarinnar veislu í Gamla bíói í tilefni 25 ára afmælis vefsins. Á þeim aldarfjórðungi hafa fjölmargir starfað á miðlinum og átt sinn þátt í þeim árangri sem miðillinn hefur náð. Öllu var tjaldað til, haldnar voru ræður og útvarpsmaðurinn Bragi Guðmundsson þeytti skífum og hélt uppi stuðinu. Á þriðja hundrað fyrrverandi og núverandi starfsfólk skáluðu fyrir síðustu 25 árum og gömul og góð augnablik voru rifjuð upp. Mikil gleði var við þessa endurfundi gamalla samstarfsfélaga og vina.




# BYLGJULESTIN

Bylgjulestin var á ferð og flugi yfir hásumarið þar sem Bylgjan ferðaðist landshluta á milli, sendi út í beinni og bjó til enn sterkari tengingar fyrir utan höfuðborgarsvæðið.




# 360° GÖTUMYNDATAKA JÁ.IS

Í sumar ók sérútbúinn bíll frá Já.is um landið og tók 360° götumyndir í sjötta sinn. 360° myndirnar eru með GPS hnitum og eru aðgengilegar á kortavef Já.is. Endurnýjaðar voru myndir af helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni sem og hverfum á höfuðborgarsvæðinu sem tekið hafa hvað mestum breytingum síðastliðið ár. Einnig voru myndir teknar í fyrsta sinn á nokkrum stöðum, meðal annars á Kára-hnjúkavirkjun og í Grímsey.




# MENNINGARNÓTT BYLGJUTÓNLEIKAR

Menningarnæturtónleikar Bylgjunnar voru haldnir í Hljómskálagarðinum þar sem þúsundir komu saman og hlýddu á tónlist frá stórstjörnum íslensks tónlistarlífs. Veðurblíðan var mikil og í Hljómskálagarðinum voru matarvagnar svo áhorfendur gátu gætt sér á ljúffengum mat á meðan tónleikunum stóð.



# BYLGJAN ÓRAFMÖGNUÐ

Tónleikaröðin Bylgjan óraf-mögnuð fór fram í Bæjarbíói í nóvember og desember en þar kom fram margt af fremsta tónlistarfólki landsins sem fluttu tónlistina sína ásamt því að segja áhorfendum í sal og hlustendum heima í stofu sögur tengdar tónlistinni og úr sínu persónulega lífi.






# FM Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er hápunktur sumarsins eða jafnvel ársins fyrir marga. FM957 hefur á undanförnum árum verið áberandi á hátíðinni sem og í umfjöllun um hátíðina og árið 2023 var engin undantekning þar á. FM957 var í beinni útsendingu yfir hátíðina sjálfa og hélt einnig upp stuðinu í Dalnum.


FM957





# IDOL

Árið 2023 var svo sannarlega ár Idolsins. Í febrúar fór fram úrslitakvöld í Idolhöllinni þar sem met var slegið í símakosningu. Saga Matthildur var sigurvegari Idol árið 2023 en í lokaþættinum var tilkynnt að strax yrði ráðist í aðra þáttaröð sem fór í loftið í nóvember 2023. Í þáttunum fær ungt og upprennandi tónlistarfólk tækifæri til þess að starfa með mörgu fremsta fagfólki tónlistarbransans á Íslandi auk þess að fá þjálfun í sviðsframkomu í beinni útsendingu.



# KVISS

Kviss hefur svo sannarlega sprungið út en önnur þátta-röð Krakkakviss fór í loftið á vormánuðum, fjórða þáttaröð Kviss í september og þátturinn Kviss ársins þar sem farið var á skemmtilegan hátt yfir atburði líðandi árs var frumsýndur í lok ársins við gríðarlega góðar undirtektir og verður leikurinn endurtekinn á nýju ári.







# SÖGUR
## VERÐLAUNAHÁTÍÐ BARNANNA

Verk Stöðvar 2 fengu fjölda tilnefninga á þessari merku hátíð þar sem börnin velja sína uppáhalds sjónvarpsþætti. Tilnefningar ársins voru fyrir Krakkakviss, Idol og Stóra sviðið.



# ÚRSLITAKEPPNIN Í KÖRFUBOLTA

Umgjörð og umfang Íslandsmótsins í körfubolta stækkar með hverju árinu. Útsendingar Stöðvar 2 Sports frá lokaúrslitaeinvígi Tindastóls og Vals voru með þeim stærstu sem stöðin hefur ráðist í og var áhorfsmet slegið á íslenskum körfuboltaleik þegar oddaleikur liðanna um Íslandsmeistaratitilinn fór fram.




# BESTA DEILDIN

Allir leikir Bestu deilda karla og kvenna voru sýndir með íslenskri lýsingu sumarið 2023, auk þess sem allir leikir voru gerðir upp með metnaðarfullri dagskrárgerð. Umfjöllun Stöðvar 2 Sports um íslenskan fótbolta hefur aldrei verið veglegri.



# KRYDDSÍLD

Í Kryddsíld Fréttastofu Stöðvar 2 var að venju tekið á móti forystufólki stjórnmálaflokkanna í beinni útsendingu í sjónvarpssal. Boðið var uppá þá nýbreytni að hægt var að kaupa aðgang að viðburðinum sem gaf mjög góða raun og vakti mikla athygli.



# ÆVINTÝRAHEIMUR BARNA

Á árinu 2023 hélt Ævintýraheimur barna á Stöð 2 áfram að vaxa og dafna. 13 nýjar þáttaraðir bættust við áður fjölbreytt úrval talsetts barnaefnis en þar af eru þrjár íslenskar þáttaraðir.

Í Ævintýraheimi barna má einnig finna allar þáttaraðir Skoppu og Skrítlu frá upphafi og má því með sanni segja að heimili Skoppu og Skrítlu sé á Stöð 2.






# JÓLAHÚSIÐ

Í desember var gestum og gangandi í Kringlunni boðið í Jólahús Stöðvar 2. Þar gafst jafnt stórum sem smáum kostur á því að upplifa smá töfra í skammdeginu, hitta jólasveina, Skoppu og Skrítlu, Birgittu Haukdal sem las upp úr bókunum um Láru og Ljónsa og njóta ljúfra tóna.




# LANDSLIÐIÐ

Stöð 2 Sport tryggði sér sýningarrétt á leikjum Íslands um mitt ár 2023 og sýndi alla landsleiki um haustið í opinni dagskrá. Áhorf var sérstaklega gott enda nýtur Stöð 2 Sport þess að nánast allir landsmenn geta nálgast útsendingar okkar með lágmarks fyrirhöfn.



# EDDAN

Íslensk kvikmynda- og þáttagerð á Stöð 2 fékk í heild ríflega 20 tilnefningar til Eddunnar. Þættirnir Leitin að upprunanum og Jón Arnór urðu hlutskarpastir í sínum flokkum.
Tilnefningar til Eddunnar eru mikil viðurkenning og gæðastimpill fyrir fólkið sem stendur á bak við efnið sem framleitt er bæði af framleiðsludeild Stöðvar 2 og framleiðslufyrirtækjunum sem Stöð 2 starfar með.





## 3. HLUTI

# SJÁLFBÆRNI



# SJÁLFBÆRNI

Sýn hf. leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti, umhverfis- og félagsþætti í starfsemi sinni. Kjarninn í stefnu félagsins er ábyrgur rekstur og eru stjórnendur staðráðnir í að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemina og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni. Starfsmenn eru vakandi gagnvart nýrri tækni og nýjum lausnum til að auka sjálfbærni í starfseminni.
Sýn fylgir eftir sjálfbærnistefnu og ber forstjóri og stjórnendur ábyrgð á innleiðingu hennar og að hún sé í samræmi við alþjóðamælikvarða á sviði sjálfbærniupplýsingagjafar og meginmarkmiða félagsins til framtíðar. Stýrihópur í sjálfbærni hefur verið starfandi á annað ár hjá Sýn en forstjóri ber ábyrgð á vinnu hópsins. Hlutverk hans er að hafa umsjón með framkvæmd sjálfbærnistefnu, framkvæmd sjálfbærni áhættumats með tilliti til rekstraráhættu, þróa sjálfbærnimarkmið og fylgjast með framförum á sviði sjálfbærni.

## Skýrslugjöf

Sýn gefur nú annað árið í röð út árs- og sjálfbærniskýrslu samkvæmt Global Reporting Initiative (GRI) Standards, jafnframt er horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Langbrók ehf. hefur veitt álit með takmarkaðri vissu á sjálfbærniupplýsingagjöf Sýnar vegna ársins 2023. Megináhersla Sýnar er að miðla upplýsingum um þýðingarmikla þætti og sjálfbærniáhrif í starfseminni þannig að hún endurspegli stöðu og árangur á sviði sjálfbærni.

Sjálfbærniupplýsingagjöf Sýnar fellur undir CSRD (Corporate Sustainability Reporting Directive) tilskipun Evrópusambandsins um stór og/eða skráð fyrirtæki sem kemur í stað núverandi laga um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (grein 66.d.). CSRD tilskipuninni fylgir nýr sjálfbærnisstaðall, European Sustainability Reporting Standard (ESRS), sem er samræmanlegur GRI sjálfbærnistaðlinum. Á árinu 2023 var framkvæmd tvöföld mikilvægisgreining (e. Double Materiality) í samræmi við ESRS staðalinn. Á þann hátt er verið að undirbúa að sjálfbærniupplýsingagjöf félagsins sé í samræmi við ESRS staðalinn. Langbrók ráðgjöf sá um framkvæmd tvöföldrar mikilvægisgreiningari í samráði við sjálfbærnistýrihóp félagsins. Áhersla er lögð á að greina og meta áhættu og tækifæri hvers mikilvægisþáttar auk fjárhagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra áhrifa. Enn fremur voru hagaðilar greindir með tilliti til mikilvægis og þeirra viðhorfa til sjálfbærniþátta Sýnar. Sjónum var beint að því að greina þýðingarmestu sjálfbærniþættina og áhrif þeirra á rekstur félagsins, umhverfi og samfélag.

Stjórn og stjórnendur Sýnar eru meðvituð um að sjálfbærniþættir hafi áhrif á rekstur og virðiskeðju félagsins og er hafin innleiðing á verklagsreglum til að draga úr sjálfbærniáhættu sem tengist starfseminni, vörum og þjónustu. Til viðmiðunar eru niðurstöður mikilvægisgreiningar síðustu tveggja ára, alþjóðamælikvarðar auk niðurstöðu greiningar matsfélagsins Reitunar á árinu 2023. Niðurstaðan var sú að Sýn hf. fékk 73 punkta í UFS mati Reitunar sem er hækkun um 3 punkta á milli ára og er stöðugt

með B2 í einkunn. Þetta mat styður kortlagningu á tækifærum og áskorunum og gefur fjárfestum aukið gegnsæi hvað varðar frammistöðu félagsins í sjálfbærni.



# Sjálfbærnistefna Sýnar

Sjálfbærnistefna Sýnar hf. rammar inn helstu áherslur félagsins í sjálfbærni og er innleidd í alla starfsemina. Lögð er rík áhersla á ábyrgan rekstur, góða stjórnarhætti, umhverfis- og félagsþætti í starfseminni. Kjarninn í stefnunni felst í þeirri samfélagsábyrgð að reka fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi. Sýn hyggst takast á við umbreytingar og áhættur í samfélaginu og virðiskeðju sinni með fyrirbyggjandi hætti þar sem horft er til þess að auka sjálfbærni, vernda orðspor, efla seiglu og verðmæti félagsins með hagsmuni haghafa Sýnar í öndvegi.

Sjálfbærnistefnan tekur tillit til sjálfbærniáhættu í starfsemi og virðiskeðju félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu er lagt mat á helstu sjálfbærni-áhættur og tækifæri innan félagsins og í virðiskeðju þess.

## Markmið

Markmiðið er að stefnan endur-spegli megin sjálfbærniáherslur Sýnar og áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag og að þau séu mæld í samræmi við gildandi lög og leiðbeinandi viðmið.

Áhersla er lögð á að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemina og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni. Sjálfbærniáhættur eru innleiddar í almennt áhættumat félagsins.

Mikilvægur þáttur í sjálf-bærniáherslum Sýnar er að miðla upplýsingum um veigamikla þætti í starfseminni með tilliti til sjálfbærni á sviði stjórnarhátta, efnahags-, umhverfis- og sam-félagsþátta.

## Ábyrgðaraðilar

Stjórn, forstjóri og framkvæmda-stjórn bera ábyrgð á innleiðingu á sjálfbærnistefnu innan félagsins. Stýrihópur í sjálfbærni hefur verið starfandi á annað ár hjá Sýn en forstjóri ber ábyrgð á vinnu hópsins. Hlutverk hans er að hafa umsjón með framkvæmd sjálfbærnistefnu, framkvæmd sjálfbærni áhættumats með tilliti til rekstraráhættu, þróa sjálfbærnimarkmið og fylgjast með framförum.

## Umhverfisþættir

Sýn vinnur markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfis-áhrifum af starfseminni. Sýn hefur frá árinu 2015 sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mæla árangurinn markvisst. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmálum. Megin umhverfisáhætta Sýnar er mögulegur raforkuskortur og aukin losun gróðurhúsaloft-tegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni, innleiða hringrásarkerfi og orkusparandi aðgerðir og samgöngur, draga úr úrgangi og vatnsnotkun með það að markmiði að draga úr losun.

## Félagsþættir

Sýn er umhugað um andlega og félagslega vellíðan starfsfólks. Félagið fylgir eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu þar sem megináherslan er að byggja upp

heilbrigt vinnuumhverfi þar sem hlúð er að vellíðan starfsfólks, mannréttindum, fjölbreytileika og inngildingu. Hafin er kortlagning á félagslegum áhættum varðandi birgja og samstarfsaðila. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 5 sem snýr að jafnrétti kynjanna og númer 8, góð atvinna og hagvöxtur, sem styður við sjálfbæran hagvöxt og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir öll.

## Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur vinna eftir siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítni við lög og reglur. Sýn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

## Viðmið og leiðbeiningar

- Evróputilskipun (CSRD) sem snýr að sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja og ESRS (European Sustainability Reporting Standard) sjálfbærnistaðall. CSRD tilskipunin kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (3/2006 66. gr. d).

- Global Reporting Initiative (GRI) sjálfbærnistaðallinn sem er samræmanlegur sjálfbærnistaðli Evrópusambandsins (ESRS).

- Tvöföld mikilvægisgreining (e. Double Materiality) ESRS staðals Evrópusambandsins.

- Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð.

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

# Sjálfbærniáherslur Sýnar



# Heimsmarkmið

## Jafnrétti kynjanna

Hvatningarverðlaun jafnréttismála, jafnlaunavottun, jafnréttis- og mannréttindastefna, jafnréttisáætlun Sýnar og jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 styðja að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 5.

## Góð atvinna og hagvöxtur

Vottun í góðum stjórnarháttum, UFS leiðbeiningar Nasdaq, upplýsingaöryggisstaðalinn ISO 27001, stefna um mútur og peningaþvætti (byggð á stefnu Vodafone Group), jafnréttis- og mannréttindastefna, öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna, birgja- og innkaupastefna og samstarf með Almannavörnum og Neyðaröryggisfjarskiptum vegna ófyrirséðar náttúruvár stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 8.

## Nýsköpun og uppbygging

Áhersla á stuðning við nýsköpun, framþróun og sjálfbærni á sviði stafrænnar uppbyggingar tengt fjarskiptum og fjölmiðlum, fjárfesting í tækninýjungum, rannsóknum og þróun er varðar örugga, trygga og sjálfbærari uppbyggingu fjarskiptainnviða ásamt netvöktun og fræðslu í samstarfi við Cert-IS netöryggissveit Fjarskiptastofnunar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 9.

## Ábyrg neysla og framleiðsla

Upplýsingaöryggisstaðalinn ISO 27001, gæðastefna, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum Global Reporting Initiative (GRI), árleg sjálbærniskýrsla byggt á viðmiðum GRI og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 12.

## Aðgerðir í loftslags-málum

Aðgerðaáætlun, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum Global Reporting Initiative (GRI), Loftslagssamningur Festu og Reykjavíkurborgar, umhverfis- og sjálbærnifræðsla til starfsfólks og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heims-markmið númer 13.





# SAMFÉLAG

# Sýn er efnahagslega og samfélagslega mikilvægt fyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana.

Félagið fylgir í hvívetna lögum og reglum og leggur sig fram að vera fyrirmynd í samfélagsmálum. Það einsetur sér að sýna starfsfólki sínu, birgjum og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Fréttastofan miðlar nokkrum sinnum á dag markverðum fréttum sem viðkemur almenningi og tengist meðal annars öryggi þeirra. Sýn framleiðir þætti sem hafa áhrif á umræðu og vitundarvakningu almennings er varðar ýmis málefni.

Sýn styrkir fjölbreytt góðgerðarsamtök, íþróttastarf og menningu með ýmsum hætti. Stuðningur Sýnar er ýmist í formi beins fjárhagsstuðnings, afslátta fyrir veitta þjónustu, sjálfboðastarfs, safnana eða gjafa. Ákvarðanir um stuðning, samstarf og úthlutun styrkja eru teknar út frá sjálfbærniáherslum fyrirtækisins.



## Baklandið

Baklandið er þáttaröð sem segir persónulegar sögur sjúkra-flutninga- og slökkviliðsmanna á Íslandi. Áhorfandi upplifir margvísleg útköll í gegnum þeirra augu og fær að kynnast þessum hugrökku einstaklingum sem standa samfélagi okkar vörð.

## Mig langar að vita

Skemmtilegir þættir með Magnúsi Hlyni þar sem hann ferðast um landið í leit að svörum um hin ýmsu málefni og spurningum sem brenna á honum sjálfum og áhorfendur fá að fljóta með. Hann hittir hresst og áhugavert fólk um land allt og heimsækir merkilega staði.

## Gerum betur með Gurrý

Fræðslu- og skemmtiþættir þar sem fjallað er um heilsu frá ýmsum sjónarhornum. Í gegnum þáttaröðina er sjö einstaklingum fylgt eftir í tilraun sinni til að til-einka sér heilbrigðari lífstíl undir handleiðslu Gurrýjar.



## Hliðarlínan

Íþrótta- og fréttaskýringaþáttur þar sem menningin í kringum íþróttir barna og ungmenna er skoðuð. Kastljósinu er beint að hegðun foreldra svo og meiðslum og andlegri heilsu barna í íþróttum.

## Svo lengi sem við lifum

Leikin þáttaröð eftir Anítu Briem sem fjallar um áskoranir í hjónabandi ungra hjóna, sagt frá sjónarhorni konunnar. Við gerð þáttanna var stuðst við handbók um sjálfbæra kvikmyndafram-leiðslu sem byggir á vottunarkerfi á vettvangi Creative Europe.

## Tónlistarmennirnir okkar

Tónlistarmennirnir okkar er heimildar- og viðtalsþáttaröð þar sem sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal hittir nokkra af ástsælustu skemmtikröftum landsins, fylgir þeim eftir í leik og starfi og rifjar upp feril þeirra.



## RAX - Augnablik

Heimildarþættir um ljósmyndir okkar þekktasta ljósmyndara, Ragnars Axelssonar. Fjallað er um augnablik í lífi RAX sem hefur ljósmyndað helstu viðburði í sögu þjóðarinnar og veitir þannig einstaka innsýn í sögulega atburði.




## Sambúðin
Þættirnir Sambúðin voru framleiddir með það að markmiði að brúa kynslóðabilið. Í Sambúðinni er fylgst með 6 pörum sem samansett eru af einni manneskju sem komin er á eftirlaunaaldur og annarri ungri manneskju um tvítugt. Þátttakendurnir taka virkan þátt í lífi og áhugamálum hvors annars á nokkurra daga tímabili.



## Krakkakviss
Krakkaútgáfa spurningaþáttanna vinsælu þar sem börn á aldrinum 10-12 ára etja kappi. Hundruð barna víðsvegar um landið sótti um þátttöku og því ljóst að þessi vinsæli þáttur hefur fest sig vel í sessi hjá yngri kynslóðinni.

## Kryddsíldin
Í yfir þrjátíu ár hafa formenn stjórnmálaflokkanna á þingi mætt í beina útsendingu í Kryddsíld á Stöð 2 á gamlársdag. Farið er yfir árið sem er að líða, helstu viðburði og horft fram á veginn, bæði á léttum og alvarlegum nótum.

## Kompás
Fréttaskýringaþátturinn Kompás kafar djúpt í ákveðið málefni í hverjum þætti. Árið 2023 voru eftirfarandi þættir sýndir: Vandi heimilislausra fíkla, veikir fangar í einangrun, villta vestrið í fegrunaraðgerðum og rafhlaupahjólaslys. Í öllum tilfellum varð umfjöllun Kompáss til þess að úrbætur áttu sér stað.

## Annálar
Fréttastofan rifjaði upp árið 2023 með tólf annálum sem sýndir voru í desember. Í hverjum annál var tekinn fyrir ákveðinn málaflokkur, rifjaðar upp fréttir og settar í samhengi við núverandi stöðu.

## Anna Eiríks
Hreyfum okkur saman eru stuttir og fjölbreyttir æfingaþættir þar sem Anna Eiríksdóttir leiðir áhorfandann í gegnum ýmsar æfingar þar sem markmiðið er að fá sem flesta til að huga að heilsunni og hreyfa sig smá á hverjum degi.

## Halló heimur
Skoppa og Skrítla eru vel þekktir karakterar í ævintýraheim barna á Stöð 2. Í þessum krúttlegu þáttum kíkja Skoppa og Skrítla í myndabók sína og fylgjast með

allra yngstu börnunum taka lítil skref í átt til framfara og þroska. Upplifanir finnast á hverju strái og í hverjum króki og kima.



## Hvítatá

Fyrsta íslenska teiknimyndaþáttaröðin sem Stöð 2 framleiddi kom út 2022 og naut mikilla vinsælda. Árið 2023 gaf Stöð 2 því út aðra þáttaröð Hvítutár sem ætluð er börnum á aldrinum tveggja til fjögurra ára. Þættirnir um Hvítutá eru aðeins fyrsta skrefið í teiknimyndaframleiðslu Stöðvar 2.

## Tónskáldasjóður Stöðvar 2 og Bylgjunnar

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2 í samvinnu við STEF úthlutaði í ár alls 6 milljónum króna til íslensks tónlistarfólks. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja tónskáld og textahöfunda til nýsköpunar. Eitt af meginmarkmiðum miðla Stöðvar 2 og Bylgjunnar er að efla þátttegerð í útvarpi og sjónvarpi þar sem íslensk tónlist er í öndvegi og með stuðningi við íslenskt tónlistarfólk. Með þessum hætti eflir félagið og auðgar íslenska menningu sem og fjölmiðlastarfsemi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## Starfsfólk hljóp til styrktar Landsbjargar

Starfsfólk félagsins tók sig saman og hljóp til styrktar Landsbjargar í Reykjavíkurmaraþoninu. Með því vildi starfsfólk vekja athygli á því góða starfi sem er unnið hvað mest í sjálfboðaliðastarfi hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.



# TÆKNIN TIL GÓÐS

## Á árinu vann Vodafone að fjölmörgum verkefnum sem styðja við samfélagið og hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Stofnuð var klukk keðja fyrir Ljósið þegar Vodafone klukkaði öll fjarskiptafélög á markaði og hvatti til að leggja Ljósinu lið. Fjarskiptakostnaður til stríðshrjáðra landa var felldur niður fyrir yfir 9 milljónir króna.

Vodafone tók þátt í söfnunarátaki fyrir Grensásdeild Landspítalans og söfnuðust yfir 147 milljónir króna. Vodafone sá söfnuninni fyrir öruggri fjarskiptaþjónustu við áheitasöfnunina sem fór fram í gegnum síma og sms. Traust fjarskiptasamband er lykilþáttur í svona söfnun þar sem álag á kerfi verður mikið á stuttum tíma. Starfsfólk Vodafone tryggði að tæknin virkaði sem skildi ásamt því að umbreyta þjónustuveri Vodafone þar sem sjálfboðaliðar svöruðu í símann og tóku á móti framlögum.

### Stuðningur við Grindvíkinga

Vodafone tryggði örugg fjarskipti á gosstöðvum við Litla-Hrút í sumar fyrir viðbragðsaðila, vísindafólk og viðskiptavini. Um leið og vart varð við gosóróa var farið í að efla farsímaþjónustu enn frekar á svæðinu og settur var upp viðbótar fjarskiptabúnaður sem snýr að gossvæðinu á Kálfatjörn og á Þorbirni. Þegar kom til rýmingar á Grindavík var neyðarteymi Vodafone virkjað til að sjá til þess að fjarskiptasamband héldist stöðugt. Allur fjarskiptakostnaður Grindvíkinga og fyrirtækja í Grindavík var felldur niður ásamt því að þeim voru veittar ókeypis nettengingar í bráðabirgðahúsnæði.

Þegar íbúar Grindavíkur þurftu að yfirgefa heimili sín í skyndi í nóvember 2023 var öllum íbúum bæjarins gefin áskrift að Stöð 2 og Stöð 2+ til að tryggja aðgengi allra að fréttum Stöðvar 2. Haldin var styrktarútsending í Subway deildinni frá leik Grindavíkur og leikurinn sýndur í opinni dagskrá.



# MANNAUÐUR OG MENNING

# MANNAUÐSSTEFNA SÝNAR



Sýn leggur áherslu á að starfsfólk upplifi vellíðan í vinnu. Það er gert með því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í starfi.

Meginmarkmiðið er að fólki líði vel í vinnunni, það upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild, fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og gefist tækifæri til að takast á við verkefni þar sem styrkleikar þeirra fá notið sín. Á þann hátt vill Sýn stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfstrausti starfsfólks og að það sýni frumkvæði í starfi. Við trúum því að fyrirtækinu gangi best þegar starfsfólkið er upp á sitt besta og getur látið ljós sitt skína. Þessar áherslur styðja við þjónustumenningu félagsins sem einkennist af jákvæðni og metnaði þar sem er horft til stöðugra umbóta þar sem allir leggja sig fram við að gera betur í dag en í gær.

# LYKILMÆLIKVARÐAR MANNAUÐS

MEÐALFJÖLDI STARFSFÓLKS
2023

**492**

MEÐALALDUR STARFSFÓLKS
2023

**37**


ALDURSDREIFING
60-69
4%
<20
1%
50-59
11%
30-39
31%
40-49
24%
20-29
27%


KYNJAHLUTFÖLL
KONUR 33%
KARLAR 67%




## Árið

Árið 2023 var ár umbreytinga hjá félaginu og studdi mannauður við þær breytingar með ýmsum hætti. Áhersla var lögð á að efla rekstrareiningarnar og ýta undir sérstöðu hverrar og einnar. Þó svo að verkefni rekstrar-eininganna séu að mörgu leyti ólík hafa mannauðsmálin alltaf ákveðinn samhljóm. Rík áhersla hefur verið lögð á að þau séu unnin af fagmennsku inni á hverju sviði og að stjórnendur hafi þau tæki og tól sem þarf til að styðja vel við starfsfólkið. Þessi vinna mun halda áfram á árinu 2024.

## Ný rekstrareining

Með kaupum Sýnar á Já á árinu fylgdi öflugur hópur starfsfólks sem nú hefur flust inn í höfuð-stöðvar félagsins á Suðurlands-braut. Starfsfólk Já er frábær viðbót við starfsmannaflóru félagsins og ljóst að í þeirra röðum er mikil sérþekking sem mun nýtast vel í þeim verkefnum sem fram undan eru.

## Jafnrétti og mannréttindi

Jafnrétti og mannréttindi er liður í mannauðsstefnu Sýnar og er áhersla lögð á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum, njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum og hugað er að inngildingu.
Á árinu hlaut Sýn viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA en markmið hennar er að vera hreyfiafl til að auka jafnvægi kynjanna í efstu lögum skipulagsheilda.
Sýn hefur statt og stöðugt unnið að því að skapa vinnuumhverfi sem hvetur til fjölbreytni og jafn-réttis. Við vitum að árangur í jafn-réttismálum er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér heldur er það ákvörðun sem við erum stolt af að hafa tekið. Við munum halda

áfram að leita leiða til að tryggja fjölbreytileika og inngildingu bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks og er þessi viðurkenning okkur mikil hvatning að halda þeirri vegferð áfram.
Félagið fékk einnig endurvottun á Jafnlaunastaðli ÍST85 í árslok 2023 en sameinað félag hefur verið með jafnlaunavottun síðan árið 2019 og Vodafone síðan 2017. Til stendur að uppfæra jafnlaunakerfi Sýnar á árinu 2024 og aðlaga að breyttu skipulagi félagsins.

## UNI

UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir allt fræðslustarf innan Sýnar. Með UNI vill félagið tryggja góða og samræmda grunnþjálfun starfsfólks um leið og félagið veitir starfsfólki sérhæfða þjálfun og fræðslu sem hentar starfi hvers og eins.
Því til viðbótar býður UNI reglulega upp á gagnleg námskeið og fyrirlestra sem eflir starfsfólk bæði í leik og starfi. Sérstök áhersla var lögð á stjórnendaþjálfun á árinu sem fór að mestu leyti fram innanhúss. Boðið var upp á fjölda námskeiða og vinnustofa þar sem markvisst var unnið að því að efla stjórnendur og gera þá sjálfbærari þegar kemur að mannauðsmálum. Þá var einnig staðið fyrir vandaðri EKKO fræðslu eða fræðslu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, en fyrirtækið leggur ríka áherslu á að vel sé staðið að slíkum málum.



**10,2**
Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann

**13,4**
Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann (konur)

**8,6**
Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann (karlar)

## Félagslífið

Mikið er lagt upp úr góðum anda á vinnustaðnum, jákvæðum samskiptum og því að hafa gaman í vinnunni. Vinnustaðamenningin einkennist af drifkrafti og frumkvæði, boðleiðir eru stuttar og starfsfólk hjálpast að við að ná settum markmiðum. Innan fyrirtækisins starfar starfsmannafélagið Stýna, sem stendur reglulega fyrir viðburðum fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra en auk þess eru fjölmargir klúbbar starfræktir á meðal starfsfólks til dæmis hjólahópur, hlaupahópur, royalistafélag og gönguhópur svo fátt eitt sé nefnt.

STÝNA

Starfsmannafélag Sýnar







# UMHVERFI

## Virðing fyrir náttúrunni og lágmörkun umhverfisáhrifa er meginstef í sjálfbærnistefnu Sýnar. Umhverfisvernd og ábyrg auðlindanýting er leiðarljós í allri starfseminni. Félagið fylgir eftir skýrum ferlum er varðar umsýslu og rekstur fjarskiptainnviða og leitast ávallt við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski.

Félagið hefur frá árinu 2015 mælt umhverfisáhrifin frá starfseminni og unnið er markvisst að því að draga úr þeim sem felst meðal annars með ábyrgri nýtingu auðlinda, innleiðingu á orkusparandi aðgerðum, minnkun úrgangs og stuðningi við hringrásarkerfi í starfseminni. Markmiðið er að auka notkun á vistvænni orku og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmálum.

Stjórn og stjórnendur eru meðvituð um að sjálfbærniáhættur hafi áhrif á starfsemi og virðiskeðju félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu og áhættustýringu fjarskiptainnviða eru megin umhverfisáhættur Sýnar mögulegur raforkuskortur, náttúruvá og aukin losun gróðurhúsalofttegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni. Nýsköpun gegnir mikilvægu hlutverki í framþróun í átt að vistvænni fjarskiptatækni. Leitast er við að einfalda ferla sem felst meðal annars í því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og innleiða nýja tækni. Þá á sér stað samstarf með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem félagið hefur á umhverfið.

Félagið nýtir hugbúnað frá Klöppum hf. til að taka saman árlegt umhverfisuppgjör og aðstoðaði ráðgjafafyrirtækið Langbrók ehf. við umhverfisuppgjör félagsins.

Frá árinu 2015 hefur félagið kolefnisjafnað starfsemina með trjárækt í samstarfi við Kolvið. Tekin var ákvörðun árið 2023 að kaupa vottaðar 150 kolefniseiningar í bið frá YggCarbon, en einingarnar verða ekki staðfestar fyrr en árið 2032. Ennfremur voru keyptar 165 óvirkar kolefniseiningar hjá félaginu SoGreen sem eru í vottunarferli. Óvirkar kolefniseiningar hjá SoGreen verða til við að tryggja menntun stúlkna í Sambíu. Heildarlosun frá starfsemi Sýnar, fyrir umfang 1 og

2 árið 2023 og að hluta af losun vegna umfangs 3 voru 314,4 tonn $CO_2$-ígilda.

Á árinu var stigið það skref að útleiða pappír í innheimtu og býður félagið nú eingöngu upp á rafræna reikninga.

Hluti af innleiðingu á hringrásarkerfi félagsins er skapa vettvang fyrir viðskiptavini til að draga úr vistspori tækja. Félagið býður viðskiptavinum að koma með eldri raftæki með þjónustunni „Notað upp í nýtt“ hjá Vodafone. Ef tæki reynist verðlaust þá er því fargað á ábyrgan hátt í samstarfi við fyrirtækið Foxway. Samkvæmt úttekt Foxway þá kom hringrásarkerfið í veg fyrir losun á rúmlega 13 tonnum koltvísýringsígilda á síðastliðnu ári. Mikill meirihluti þeirra tækja sem var skilað inn í hringrásarverkefnið öðluðust nýtt líf, eða um það bil 70% og hin voru nýtt í varahluti og góðmálmarnir og önnur hráefni sem í þeim var að finna voru endurnýtt.

Árið 2023 hélt Sýn sínu striki við að leggja sitt af mörkum í flokkun úrgangs sem kemur frá félaginu. Starfsfólk er að jafnaði hvatt til að flokka allt það sorp sem myndast í og við reksturinn. Flokkunartunnur eru staðsettar víðsvegar um fyrirtækið til að auðvelda flokkun.

Á undanförnum árum hefur Sýn unnið að LED væðingu í fyrirtækinu með það að markmiði að draga úr orkunotkun í húsakynnum sínum. Á árinu 2023 var sett upp LED lýsing í myndverum félagsins. Markmið Sýnar er að öll föst lýsing í eigu félagsins verði komin í LED árið 2025 (með fastri lýsingu er átt við ljós sem nýtt eru á hverjum degi til lýsingar skrifstofurýma og eða myndvera félagsins). Árið 2023 var farið í vinnu við að endurstilla almenna lýsingu hjá Sýn til að gæta þess að ljós logi ekki að ástæðulausu á kvöldin og yfir nóttina í höfuðstöðvum félagsins.

Bílafloti Sýnar saman stóð af 36 bifreiðum í lok árs 2023 og fækkaði honum um 3 bifreiðar frá árinu á undan. Skipting bílaflotans var eftirfarandi; rafbílar eða tengiltvinnbílar 18 stk, Hybrid bifreiðar 2 stk, breyttar jeppabifreiðar með dísel hreyfli 6 stk, sendibifreiðar og jepplingar með dísel hreyfli 10 stk. Markmið Sýnar er að fjölga hreinum rafbílum árið 2024 til að minnka losun frá samgöngum á vegum félagsins. Sýn hvetur starfsfólk sitt til að notast við vistvænar samgöngur til og frá vinnu með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða starfsfólki að gera samning um samgöngustyrk en með þeim samningi skuldbindur starfsfólk sig til að notast við vistvænar samgöngur í það minnsta þrisvar sinnum í viku. Árið 2023 nýttu að jafnaði 56 einstaklingar sér samgöngustyrk félagsins. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk til að koma hjólandi eða gangandi til vinnu. Boðið er upp á upphitaða hjólageymslu með tengimöguleikum til að hlaða rafhjól og góða búningsaðstöðu með sturtu og þurrkskápum. Einnig býður félagið því starfsfólki sem kemur á rafbílum til vinnu að hlaða sér að kostnaðarlausu í bílastæðahúsi við höfuðstöðvar Sýnar.

## **Eldsneytisnotkun bifreiða**
vegna rekstrar Sýnar hf.



## Losun gróðurhúsalofttegunda
vegna rekstrar Sýnar hf.



## **Rafmagnsnotkun**
vegna rekstrar Sýnar hf.



# Flokkun úrgangs
vegna rekstrar Sýnar hf.



**Vatnsnotkun**
vegna rekstrar Sýnar hf.



# FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

## LAUNAHLUTFALL FORSTJÓRA

S1|UNGC: P6|GRI 102-38

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | 6,7 | 6,38 | 9,83 | 6,39 |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | já/nei | Nei | Nei | Nei | Nei |

## LAUNAMUNUR KYNJA

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | 1,45 | 1,17 | 1,13 | 1,12 |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | 1,90% | 0,60% | 0,60% | 1,90%* |

*Konum í vil. Ekki fyllilega sambærileg greining og frá fyrra ári þar sem aðrar forsendur voru notaðar við útreikning.

# STARFSFÓLKSVELTA

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsfólk í fullu starfi** | | | | | |
| Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi | % | 26% | 22% | 23,80% | 23% |
| Frávísun | % | 49% | 21% | 34,20% | 26% |
| Starfslok | % | 66% | 32% | 0,80% | 3% |
| Starfsskipti | % | 22% | 46% | 64,10% | 58% |
| Fráfall | % | 0% | 0% | 0,80% | 1% |

Frávísun = Fjöldi þeirra sem var sagt upp
Starfslok = Fjöldi þeirra sem hætta vegna aldurs
Starfsskipti = Fjöldi þeirra sem sögðu upp eða hættu störfum

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kyn** | | | | | |
| Karlar | % | 70% | 66% | 67% | 67% |
| Konur | % | 30% | 34% | 33% | 33% |
| **Aldur** | | | | | |
| <20 | % | 0,80% | 0,20% | 0,20% | 1% |
| 20-29 | % | 29% | 24,60% | 28,30% | 27% |
| 30-39 | % | 33% | 31,90% | 31% | 31% |
| 40-49 | % | 22% | 26,40% | 23,40% | 24% |
| 50-59 | % | 11% | 11,80% | 11,60% | 11% |
| 60-69 | % | 4% | 4,70% | 5,50% | 4% |
| 70+ | % | 0,20% | 0,40% | 0% | 0% |

# KYNJAFJÖLBREYTNI

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsfólksfjöldi** | | | | | |
| Hlutfall kvenna í fyrirtækinu | % | 30% | 34% | 33% | 33% |
| Konur | fjöldi | 137 | 150 | 166 | 163 |
| Karlar | fjöldi | 320 | 303 | 331 | 329 |
| **Byrjenda- og millistjórnendastöður** | | | | | |
| Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan | % | 32% | 29% | 32,90% | 35% |
| Konur | fjöldi | 12 | 10 | 147 | 133 |
| Karlar | fjöldi | 25 | 24 | 300 | 250 |

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Yfirmenn og stjórnendur** | | | | | |
| Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda | % | 44% | 46% | 38% | 39% |
| Konur | fjöldi | 11 | 11 | 19 | 24 |
| Karlar | fjöldi | 14 | 13 | 31 | 37 |

# HLUTFALL TÍMABUNDINNA STARFSKRAFTA

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Prósenta starfsmanna í hlutastarfi | % | 17% | 9% | 7,20% | 15% |
| Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa | % | - | - | - | * |

# AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

*Stefnt að kortlagningu og greiningu árlega

# VINNUSLYSATÍÐNI

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna | % | 0,20% | 0% | 1% | 0% |

# HNATTRÆN HEILSA OG ÖRYGGI

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,025 | 0,089 | 0,056 | 0,040 |
| Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda* (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfs-manna | X:1 | 0,002 | 0,002 | 0,001 | 0,010 |
| Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,02 | 0,002 | 0,004 | 0,020 |

*6 dagar eða meira er skilgreint sem langtímaveikindi

# BARNA- OG NAUÐUNGARVINNA

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

# MANNRÉTTINDI

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

# MENNTUN OG ÞJÁLFUN

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltími fræðslu klukkustunda sem starfsfólk ver í fræðslu og þjálfun á ári | klst | - | - | - | 10,2 |
| Meðalfjöldi klukkustunda sem konur verja í fræðslu og þjálfun á ári | klst | - | - | - | 13,4 |
| Meðalfjöldi klukkustunda sem karlar verja í fræðslu og þjálfun á ári | klst | - | - | - | 8,6 |
| Aðferðir til að stuðla að aukinni hæfni eða stjórnun starfsloka | klst | - | - | - | Á ekki við. Unnið í úrbótum á árinu. |
| Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki | klst | - | - | - | Stefnt að kortlagningu og greiningu árlega. |

# ANNAÐ

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fæðingaorflof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof | % | - | - | - | 95% |
| Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullu starfi sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki | | | | | Á ekki við |

# STJÓRNARHÆTTIR

## KYNJAHLUTFALL Í STJÓRN

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla) | % | 60% | 60% | 40% | 43% |
| Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla) | % | 40% | 66% | 33% | 0% |

## ÓHÆÐI STJÓRNAR

G2|GRI: 102-23, 102-22

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 80% | 100% | 40% | 40% |

# KAUPAUKAR

G3|GRI: 102-35

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | já/nei | Nei | Nei | Nei | Nei |

# KJARASAMNINGAR

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga | % | 100% | 100% | 100% | 100% |

# SIÐAREGLUR BIRGJA

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

# SIÐFERÐI OG AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU

G3|GRI: 102-35

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Siðferði og aðgerðir gegn spillingu | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni? | % | - | - | - | - |

# PERSÓNUVERND

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

# SJÁLFBÆRNISKÝRSLA

G8|UNGC: P8

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Ef já: Inniheldur sjálfbærniskýrslan kafla um félagslega þætti, stjórnarhætti og umhverfisþætti? | já/nei | - | - | Já | Já |
| Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni? | já/nei | Já | Já | Já | Já |

# STARFSVENJUR VIÐ UPPLÝSINGAGJÖF

G9|UNGC: P8

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | Já | Já | Já | Já |
| Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? | já/nei | Já | Já | Já | Nei |

# GÖGN TEKIN ÚT/SANNREYND AF YTRI AÐILA

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila? | já/nei | Nei | Nei | Nei | Já að hluta |

# UMHVERFISÞÆTTIR

## ORKUNOTKUN

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 9.860.132 | 9.829.905 | 9.546.568 | 9.682.977 |
| Jarðefnaeldsneyti | kWst | 524.788 | 470.210 | 543.493 | 491.151 |
| Heildarorkunotkun | kWst | - | - | - | VANTAR |
| Rafmagn | kWst | 7.349.936 | 7.587.033 | 7.457.341 | 7.696.913 |
| Hitaveita | kWst | 1.985.407 | 1.772.661 | 1.545.734 | 1.494.913 |
| Kæling | kWst | - | - | - | - |
| Gufa | kWst | - | - | - | - |
| Bein orkunotkun | kWst | 524.788 | 470.210 | 543.493 | 491.151 |
| Óbein orkunotkun | kWst | 9.335.344 | 9.359.694 | 9.003.075 | 9.191.825 |

# ORKUSAMSETNING

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 9.860.132 | 9.829.905 | 9.546.568 | 9.682.977 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 5,30% | 4,80% | 5,70% | 5,10% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 94,70% | 95,20% | 94,00% | 94,90% |
| Kjarnorka | % | 0% | 0% | 0% | 0% |

# ELDSNEYTISNOTKUN

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildareldsneytisnotkun | kg | 43.864 | 39.322 | 45.449 | 40.987 |
| Bensín | kg | 11.498 | 9.561 | 11.135 | 13.195 |
| Díselolía | kg | 32.366 | 29.761 | 34.313 | 27.793 |
| DM olía | kg | | | | |
| Jarðgas | kg | | | | |

# VATNSNOTKUN

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarvatnsnotkun | m3 | 65.731 | 66.357,90 | 53.171,60 | 48,.719,8 |
| Kalt vatn | m3 | 31.499,90 | 35.794,80 | 26.521,10 | 22.945,4 |
| Heitt vatn | m3 | 34.231,20 | 30.563,10 | 26.650,60 | 25.774,4 |
| Endurunnið vatn (ef við á) | m3 | | | | |
| Endurheimt vatn (ef við á) | m3 | | | | |

# SAMSETNING RAFORKU

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarnotkun raforku | kWst | 7.349.936,40 | 7.587.033,40 | 7.457.341,20 | 7.696.913 |
| Jarðefniseldsneyti | % | - | - | - | - |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Kjarnorka | % | - | - | - | - |

# MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarmagn úrgangs | kg | 47.208 | 54.018 | 45.864 | 53.118 |
| Flokkaður úrgangur | kg | 25.056 | 30.693 | 31.297 | 36.474 |
| Óflokkaður úrgangur | kg | 22.152 | 23.325 | 14.567 | 16.644 |
| Endurunnin úrgangur | kg | 22.972 | 30.693 | 31.205 | 35.834 |
| Úrgangi fargað | kg | 24.236 | 23.325 | 14.659 | 17.284 |
| Flokkunarhlutfall úrgangs | % | 53,10% | 56,80% | 68,20% | 68,70% |
| Endurvinnsluhlutfall úrgangs | % | 48,70% | 56,80% | 68% | 67,50% |

# VIÐSKIPTAFERÐIR

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarvegalengd | km | 79.363 | 14.294 | 102.921 | 246.218 |
| Flugferðir | km | 79.363 | 14.294 | 102.921 | 246.218 |
| Lestarferðir | km | - | - | - | - |
| Rútuferðir | km | - | - | - | - |
| Bílferðir | km | - | - | - | - |
| Sjóferðir | km | - | - | - | - |

# MEÐHÖNDLUN PAPPÍRS

| | EININGAR | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarþyngd prentaðs pappírs | kg | 1.112 | 1.008 | 801 | 647 |
| Heildarmagn prentaðs pappírs | blaðsíður | 239.378 | 206.258 | 150.315 | 118.980 |
| þar af litaprent | blaðsíður | 50.291 | 49.650 | 44.752 | 37.102 |
| þar af svarthvít prentun | blaðsíður | 189.087 | 156.608 | 105.563 | 81.878 |
| Tvíhliða | blaðsíður | 133.738 | 107.861 | 69.168 | 5.266 |
| Litaprentun | % | - | - | - | - |
| Svarthvít prentun | % | - | - | - | - |

# UMHVERFISSTARFSEMI

